

Borgarráð

Samstarfssamningur um stofnun HÖFÐA - Friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að samstarfssamningi Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands um stofnun Friðarseturs (Höfði - Reykjavík Peace Center). Með samningnum skuldbinda samningsaðilar sig til samstarfs um stofnun Höfða - Friðarseturs og með þátttöku í stofnun Friðarseturs lýsir Reykjavíkurborg jafnframt yfir vilja sínum til að taka þátt í að tryggja rekstur setursins árin 2017 og 2018 sbr. samþykkt borgarráðs frá 3. mars 2016. Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna verkefnisins eru 10 mkr. sem greiðast af kostnaðarstað 09205, ófyrirséð. Háskóli Íslands hýsir verkefnið innan Alþjóðamálastofnunar háskólans og leggur verkefninu til starfsaðstöðu, vinnuframlag og verkefnisstjóra.

Greinargerð:

Markmið með stofnun Höfða – Friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands er að stuðla að því að Reykjavíkurborg vinni að friði í heiminum, jafnt innanlands sem utan. Til að ná þessu markmiði skal setrið skoða og skilgreina hvaða leiðir eru færar í þessum efnum og aðstoða Reykjavíkurborg við mótun, útfærslu og framkvæmd stefnu sem styrkir innviði hennar í því hlutverki að vera borg friðar. Auk þessa er Höfða – Friðarsetri Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands ætlað að auka almennt þekkingu á því hvernig stuðla megi að friði, annars vegar með fræðslu til almennings, starfsfólks Reykjavíkurborgar og nemenda í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar, og hins vegar með stuðningi við rannsóknir. Þá er setrinu ætlað að styrkja stefnu Reykjavíkurborgar í alþjóðamálum, í samræmi við þá þróun sem verið hefur á heimsvísu í átt að auknum sendierindrekstri stjórnvalda á lægri stjórnsýslustigum (e. para-diplomacy).

Sigurður Björn Blöndal

e.u.

Hjálagt:

Drög að samstarfssamningi Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands um stofnun Friðarseturs (Höfði - Reykjavík Peace Center).

Samþykkt borgarráðs frá 3. mars 2016 um Friðarsetur og 30 ára afmæli Höfðafundarins, ásamt fylgigögnum.

Forathugun á rekstrargrundvelli Friðarseturs

Áfangaskýrsla




HOFÐI
REYKJAVÍK PEACE CENTER

Ágúst 2015
(Uppfærð Nóvember 2015)

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Inngangur..... | 3 |
| Forathugun á rekstrargrundvelli Friðarseturs..... | 4 |
| <i>Rannsóknarsjóðir</i> | 4 |
| <i>Priðju aðilar</i> | 5 |
| Ráðgjafanefnd..... | 5 |
| Stefnumótun..... | 5 |
| Upplýsingaflæði, kynningarefni og heimasíðugerð..... | 7 |
| Uppbygging tengslanets við innlenda og erlenda sérfræðinga á sviði setursins, kynningar- og hugarflugsfundir..... | 9 |
| <i>Fundir með hagsmunaaðilum héraendis</i> | 9 |
| <i>Fundir með hagsmunaaðilum erlendis</i> | 15 |
| <i>Bandaríkin</i> | 17 |
| ICORN (uppfært í nóvember 2015)..... | 17 |
| Fundur með borgarstjóra (uppfært í nóvember 2015)..... | 17 |
| Staðan í nóvember 2015..... | 18 |



HÖFÐI

REYKJAVÍK PEACE CENTER



Inngangur

Stofnun friðarstofnunar eða friðarseturs í Reykjavík á sér langan aðdraganda en hugmyndin kom fyrst fram í yfirlýsingu Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, þáverandi borgarstjóra, í október 2006 þar sem hann lagði til að sett yrði á fót Friðarstofnun Reykjavíkur. Vilhjálmur lagði síðar fram formlega tillögu í borgarstjórn þess efnis þann 1. júní 2010. Ári síðar kom Jón Gnarr, þáverandi borgarstjóri, fram með þá hugmynd að unnið yrði að stofnun Friðarseturs í Viðey. Í kjölfarið fór af stað vinna innan veggja Háskóla Íslands við að undirbúa tillögu að stofnun friðarseturs sem hýst yrði innan Háskóla Íslands (HÍ). Afrakstur þeirrar vinnu var síðan kynnt í október 2013, þegar Alþjóðamálastofnun HÍ lagði fram formlega tillögu til Reykjavíkurborgar um stofnun friðarseturs í samstarfi við háskólann. Eftir nokkrar viðræður var samþykkt að Reykjavíkurborg og Alþjóðamálastofnun myndu vinna saman að verkefninu. Markmiðið var að setrið tæki til starfa haustið 2015 og að það yrði hýst innan Alþjóðamálastofnunar HÍ. Í kjölfarið, eða þann 7. janúar 2015 skrifuðu Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, og Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, undir samstarfssamning um undirbúning að stofnun Friðarseturs í Reykjavík að viðstaddri ráðgjafanefnd tilvonandi seturs en hana skipa Jón Gnarr (formaður), Silja Bára Ómarsdóttir (f.h. Háskóla Íslands) og Svanhildur Konráðsdóttir (f.h. Reykjavíkurborgar).

Samkvæmt þeim samningi sem undirritaður var í janúar 2015 er markmið friðarsetursins:

Að styrkja Reykjavík sem borg friðar og vera til ráðgjafar um hvernig Reykjavík geti unnið að friði hér heima og að heiman. Með starfi friðarseturs verði stuðlað að uppbyggilegum samskiptum, minnkandi ofbeldi og friðsamlegum samskiptum ríkja og alþjóðastofnana. Þá verði unnið að því að auka almennt þekkingu á því hvernig megi stuðla að friði með fræðslu og stuðningi við rannsóknir. Friðarsetur verði þannig vettvangur fyrir þverfaglegt og alþjóðlegt samstarf, skipulag viðburða, ráðgjöf og fræðslu á sviði friðarmála, með áherslu á hlutverk borga og smáríkja við að stuðla að friði, friðarmenningu, afvopnun og friðarfræðslu.

Í samræmi við ákvæði í samstarfssamningi borgarinnar og HÍ var ráðinn verkefnisstjóri, í hálftrú starf, til að vinna að undirbúningi stofnunar friðarseturs. Jóna Sólveig Elínardóttir var ráðin til að sinna því verkefni en hún hóf störf í mars 2015. Samningurinn við hana rennur út í lok september 2015. Samkvæmt starfslýsingu skyldi hún kanna rekstrarforsendur fyrir friðarsetrið, kynna fyrirhugaða starfsemi, finna samstarfsaðila innanlands og utan, leita að styrktarmöguleikum og vinna að öflun styrkja í samstarfi við ráðgjafanefnd friðarseturs og forstöðumann Alþjóðamálastofnunar. Þá skyldi hún jafnframt taka þátt í stefnumótunarvinnu um mótun friðarstefnu Reykjavíkurborgar í samstarfi við sérfræðinga á þessu sviði.

Unnið var markvisst að þessum verkefnum á samningstímabilinu og verða niðurstöður þeirrar vinnu kynntar í þessari skýrslu og í ítarlegum fylgigögnum við hana.

Beðið eftir formlegum viðbrögðum frá Reykjavíkurborg við þeim tillögum sem lagðar voru fyrir borgina þann 26. ágúst 2015 og sem síðar voru studdar með álit ráðgjafanefndar Friðarsetursins og bréfi frá forseta Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands.



Forathugun á rekstrargrundvelli Friðarseturs

Sem lið í að skilgreina tilgang og hlutverk Höfða – Friðarseturs Reykjavíkur var ákveðið að ráðast í gerð tillögu að verkáætlun fyrir fyrstu þrjú starfsár setursins. Markmið áætlunarinnar er að skapa ramma um þau verkefni sem Friðarsetrið mun inna af hendi fyrir Reykjavíkurborg og innan Háskóla Íslands. Var þess gætt í hvívetna að öll verkefni styðji hvort annað og að þau vinni öll að sama marki, þ.e. að styðja Reykjavíkurborg í þeirri viðleitni sinni að verða raunveruleg friðarborg.

Unnið var að því að skilgreina hvers lags rekstrarform væri best fyrir Friðarsetrið. Var þar litið til hagkvæmni auk þess sem hugað var að ímynd setursins út á við. Gert er grein fyrir þeirri framtíðarsýn sem þróaðist á verkefnistímanum fyrir Höfða – Friðarsetur Reykjavíkur í þriggja ára verkáætlun. Í verkáætluninni er verkefnum skipt í sex flokka: Stefnunótun; fræðslumál; einstök verkefni; rannsóknir; kynningarmál og reglubundna fundi. Verkáætlunin er sett fram í fjórum aðgreindum skjölum:

- Myndrænu súluriti sem sýnir meginstöðirnar í starfsemi setursins sem og þverlæg verkefni sem setrið mun sinna (sjá fylgiskjal 1).
- Í greinargerð (sjá fylgiskjal 2) þar sem hverju verkefni fyrir sig er lýst, þ.e. tilgangi, markmiði og hvernig það skuli framkvæmt
- GANTT rit (sjá fylgiskjal 3) þar sem búið er að stilla þeim verkefnum sem lýst er í greinargerðinni upp á tímaás.
- Drögum að fjárhagsáætlun (sjá fylgiskjal 4)

Þessi gögn munu nýtast sem leiðarvísir fyrir starfsemi setursins og aðhald fyrir þá sem að Höfða standa auk þess sem þau setja nauðsynlegan ramma utan um þau verkefni sem setrið tekur að sér.

Rannsóknarsjóðir

Innanhúsbekking á rannsóknarstyrktarsjóðum er mikil og því verður hægt að byggja á þeirri vinnu við kortlagningu styrkjámöguleika. Á vormánuðum var unnið að undirbúningi NOS-HS umsóknar í samstarfi við Silju Báru Ómarsdóttur sem síðan var endurnýtt til að senda inn ISANET Workshop umsókn í samstarfi við fjölmarga alþjóðlega samstarfsaðila. Einnig var send inn umsókn um þátttöku í panel á ISA Annual Convention árið 2016. Umsóknirnar snúa að rannsóknum á stöðu LGBTI fólks í átökum og í friðaruppbyggingu. Þetta rannsóknarsvið er óplægður akur og það er því metnaður setursins að reyna að marka sér sérstöðu á þessu sviði.

Þá mun Friðarsetrið taka þátt í Rannís umsókn með samstarfsaðilum víðsvegar að úr norðanverðri Evrópu. Verkefnið snýst um að rannsaka friðar-, varnar og öryggismál á landsvæði Vest-Norrænu ríkjanna, Íslands, Grænlands og Færeyja en þjóðirnar þrjár eiga það sammerkt að vera ekki með heri en að vera aðilar að hernaðarsamstarfi. Í þeim hluta sem snýr að Friðarsetrinu yrði framkvæmd samanburðarrannsókn á viðhorfi Grænlandinga, Færeyinga og Íslendinga til friðar-, öryggis- og varnarmála. Lykilspurningar í rannsókninni:

- Hversu meðvitaðir eru borgararnir um áætlaðar breytingar?
- Finnst þeim ríkin sjálf bera ábyrgð á öryggismálum þeirra eða er það einhver annar?
- Upplifa borgararnir sig örugga?
- Hver tryggir öryggi þeirra?

Þessi rannsókn fellur líka að því markmiði setursins að marka sér skýra sérstöðu á alþjóðavettvangi þegar kemur að rannsóknarvinklum og er auk þess til þess fallin að treysta tengslin á milli friðarsetursins og rannsóknarsetrana um smáríki og um norðurslóðir sem bæði eru hýst undir Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands.



Kortlagðir voru möguleikar á að sækja í norræna og evrópska styrktarsjóði og möguleikar á að byggja á þeirri reynslu sem Alþjóðamálastofnun hefur af því að byggja upp og standa að alþjóðlegum sumarskóla á háskólastigi. Í því sambandi var litið sérstaklega til áætlana á borð við Nordforsk, NOS-HS, NORA, Northern Periphery and Arctic Programme styrktaráætlunanna en einnig til evrópskra áætlana á borð við Erasmus+ og Horizon 2020. Hin síðastnefnda er hugsuð sem lengritíma markmið en mögulega verður hægt að sækja um í Erasmus+ styrktaráætlunina á næstu þremur starfsárum setursins.

Í tengslum við fræðslumál var litið til innlendra sjóða og er stefnan sett á að sækja um í Þróunarsjóð námsgagna til að fjármagna útgáfu á kennsluefni í friðarfræðum fyrir grunnskóla og síðar leikskóla sem nýtast munu Reykjavíkurborg í að byggja upp friðarmenningu í skólum borgarinnar sem síðan skilar sér út í samfélagið í heild. Þá verður einnig unnið markvisst að því að nýta til hins ítrasta Nýsköpunarsjóð námsmanna til að byggja upp rannsóknir og þekkingu sem einnig getur nýst Reykjavíkurborg í þeirri vinnu sem tengist starfsemi á sviði mennta-, alþjóða-, mannréttinda- og friðarmála.

Þriðju aðilar

Unnið hefur verið að því að koma á tengslum við framkvæmdastjóra Aurora Fund og verður leitað eftir samstarfi við þá stofnun. Jóna Sólveig fór á fund með framkvæmdastjóra sjóðsins, Regínu Bjarnadóttur, þann 17. ágúst sl. Ákveðið var að Friðarsetrið myndi senda framkvæmdastjóra sjóðsins gögn sem hægt væri að nýta á kynningu með stjórn sjóðsins í október nk.

Reynt var eftir fremsta megni að byggja á þeim tengslum sem fyrir eru hjá borginni hjá aðstandendum friðarverðlauna Yoko Ono. Einnig standa yfir viðræður við aðstandendur/forsvarsmenn *Best Peace Solution* sjóðsins um mögulega aðkomu þeirra að fjármögnun setursins og valinna verkefna.

Ráðgjafanefnd

Ráðgjafanefndin hittist fjórum sinnum á tímabilinu til að fara yfir vinnuna og hvaða skref væri mikilvægt að taka næst. Einnig átti verkefnisstjóri gott samstarf við fulltrúa Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands sem báðir reyndust góður stuðningur utan ráðgjafanefndafunda.

Stefnumótun

Unnið var markvisst að því að greina hvaða stefnusvið skarast við stefnumótun borgarinnar í friðarmálum. Þróað var gott samband við alþjóðafulltrúa skrifstofu borgarstjóra, Hilmar Magnússon, og haldnir fundir þar sem rætt var um stefnumörkun borgarinnar í alþjóðamálum, mannréttindamálum og umhverfismálum og mögulegar skaranir á milli þessara stefnusviða og þróunar stefnu í friðarmálum. Þá voru markmiðin með því að borgin markaði sér stefnu í friðarmálum skilgreind sérstaklega. Einnig voru þróaðar tillögur að því hvernig haga mætti áframhaldandi stefnumótunarvinnu næstu þrjú starfsár. Þessar tillögur eru settar fram og útfærðar í tillögu til Reykjavíkurborgar.

Þá voru haldnir fundir með Önnu Kristinsdóttur, Mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar, S. Birni Blöndal, borgarfulltrúa Bjartrar framtíðar og aðalmanni í Borgarráði og seinna aftur með Mannréttindastjóra borgarinnar og Líf Magneudóttur, formanni Mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar og aðalmanni í skóla og frístundaráði borgarinnar. Þessir fundir voru liðir í að þróa áfram stefnu borgarinnar í friðarmálum enda fela þeir í sér kynningu á þeirri stefnu sem fyrir er og marka upphafið af því að samþætta frið inn í stefnumótun borgarinnar á öðrum en tengdum stefnusviðum.



Markvissum samskiptum við borgina verður fram haldið og stefnt er að því að formfesta þá vinnu enn betur betur (sbr. tillögu friðarsetursins um framtíðarverkefni þess).



HÖFÐI

REYKJAVÍK PEACE CENTER




Reykjavíkurborg



ALÞJÓÐAMÁLA-
STOFNUN
HÁSKÓLI ÍSLANDS


Upplýsingaflæði, kynningarefni og heimasíðugerð



Lógó



Wireframe



Reykjavíkurborg



Friðarsetrið átti í góðu samstarfi við Íslensku auglýsingastofuna á tímabilinu og í samstarfi við þau voru þróaðar áfram þrjár útfærslur á lógói. Ein tillaganna þótti bera af og var ákveðið að hún skyldi verða lógó Höfða – Friðarseturs Reykjavíkur (sjá hér að ofan). Þá var send tillaga að því hvernig heimasíða setursins skyldi vera uppbyggð (sjá wireframe hér að ofan) en unnið er að útfærslu á henni hjá Íslensku auglýsingastofunni (sjá mynd til vinstri hér að ofan).

Unnið var að kynningarefni fyrir setrið eftir því sem þörf fyrir það skapaðist, bæði á ensku og á íslensku. Undirbúið var skriflegt kynningarefni fyrir fundi með erlendum og innlenda aðilum auk þess sem þróaðar voru klæðskerasniðnar kynningar fyrir fundi með einstaklingum og hagsmunaaðilum sem talið var að gætu haft hag og áhuga á starfsemi setursins.

Fyrsti opni viðburður setursins var haldinn í Norræna húsinu í hádeginu þann 11. júní sl. Aðdragandinn var sá að Norræna húsið leitaði til Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands um samstarf um 3 daga viðburðinn *Fundur fólksins* sem Norræna húsið stóð fyrir. Fundurinn var vel sóttur og fékk mikla umfjöllun í íslenskum fjölmiðlum. Í undirbúningnum kom sú hugmynd upp að Friðarsetrið myndi standa að opunarviðburði hátíðarinnar. Það varð og og hlaut fundurinn titilinn „Hvernig geta borgir stuðlað að friði? Höfði - Friðarsetur í Reykjavík“. Á fundinum var m.a. rætt hvernig borgin og Friðarsetrið geti stuðlað að auknum friði og hvernig má efla og nýta tengsl við samtök, stofnanir og einstaklinga sem taka virkan þátt í friðarstarfi. Einnig hvort sérstaða Íslands og borgarinnar geti skipt máli utan landsteinanna. Markmiðið var að eiga samráð við borgarþing og var niðurstaðan sú að samræðan sem skapaðist á fundinum var nýtt í stefnumótunavinnu Friðarsetursins. Til að koma umræðunum á stað var Hrund Gunnsteinsdóttir, þróunar- og átakafræðingur fengin til að vera með upphafserindi. Fundarstjóri var Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar og fulltrúi borgarinnar í ráðgjafanefnd friðarsetursins.

Í kjölfar upphafserindis fóru fram pallborðsumræður. Við val á þátttakendum í pallborð þótti mikilvægt að gæta að þverpólitískri og breiðri faglegri þátttöku. Þótti það takast mjög vel. Þátttakendur í pallborði voru eftirfarandi:

- Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis
- Óttarr Proppé, þingmaður Bjartrar framtíðar
- Sigríður Björg Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu
- Þórir Guðmundsson – sviðsstjóri hjálpar- og mannúðarstarfssviðs hjá Rauða krossinum
- Auður Lilja Erlingsdóttir - formaður Samtaka hernaðarandstæðinga
- Helga Þórey Björnsdóttir – mannfræðingur og aðjúntkt við HÍ



Facebook viðburðurinn fékk góðar viðtökur en 140 manns melduðu sig á síðu hans. Raunveruleg aðsókn á fundinn var síðan mjög góð og var salur Norræna hússins, sem tekur um 100 manns, fullur. Þá skráðu tæplega 70 manns sig á mætingalista viðburðarins sem nýtast mun við uppbyggingu póstlista Friðarsetursins.

Þá var haldinn viðburður þann 5. ágúst sl. í samstarfi við Samstarfshóp friðarhreyfinga á Íslandi. Fundurinn fór fram undir heitinu *Baráttan gegn Trident-kjarnorkuvopnunum í Skotlandi og áhrif hennar á umheiminn* og fjallaði Veronika Tudhope, varaforseti Skotlandsdeildar CND (Campaign for Nuclear Disarmament) um baráttu friðarsinna gegn kjarnorkuvopnabúri Bretlands sem geymt er í Faslane-kafbátastöðinni í grennd við Glasgow í Skotlandi og áhrif umræðna um stöðina á stjórn málin í Skotlandi. Fundarstjóri



á fundinum var Kristinn Schram, lektor í þjóðfræði við Háskóla Íslands. Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands aðstoðaði við kynningu á fundinum auk þess sem hún útvegaði húsnæðið.

Verkefnisstjóri Friðarsetursins vinnur, að beiðni borgarinnar, að skipulagi fundar um árásina á Hiroshima sem mun fara fram í fjórðu viku septembermánaðar. Verkefnið kom til að frumkvæði Meg Nishida sem hefur haft milligöngu fyrir konu að nafni Hirano sem hefur hlotið diploma sem sögumanneskja af Hiroshima árásinni. Ráðgert er að halda fund þar sem eiginmaður Hirano mun flytja söngatriði og í kjölfarið mun Hirano halda fyrirlestur um árásina. Þá hefur verið skipulögð plakatsýning sem verður til sýnis í Háskóla Íslands en hún segir sögu árásarinnar.

Í tengslum við Alþjóðlega friðardaginn, 21. september 2015 var ákveðið að vinna að þróun verkefna í friðarfræðum fyrir öll grunnskólastig og voru þau send áfram til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Verkefnið, sem var samstarfsverkefni við Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, var unnið af Álfrúnu Perlu Baldursdóttur og Huldu Hólmkelsdóttur með stuðningi Nýsköpunarsjóðs námsmanna, Reykjavíkurborgar og Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands.

Uppbygging tengslanets við innlenda og erlenda sérfræðinga á sviði setursins, kynningar- og hugarflugsfundir

Allt í allt voru haldnir á fjórða tug funda sem allir þjónuðu þeim tilgangi að undirbyggja vinnu við undirbúning að stofnun Friðarseturs í Reykjavík. Vinnan nýttist beint inn í þróun tillögu til Reykjavíkurborgar um leiðina fram á við fyrir friðarsetrið. Til að byrja með fór fram markviss kortlagning á þeim aðilum sem áhuga og gagn kynnu að hafa af starfsemi setursins hérlendis en í kjölfarið voru skipulagðir fundir með öllum þeim sem náðist í til að kynna verkefnið og fá fram sjónarmið þeirra. Auk þess var farið í ferð til Bandaríkjanna og Oslóar til að heimsækja norskar og bandarískar stofnanir sem vinna að friði og rannsóknum á friði með það að markmiði að kynna fyrirhugað setur, læra hvernig stofnanirnar starfa og reka sig og fá hugmyndir um mögulega rannsóknarvinkla fyrir Höfða – Friðarsetur Reykjavíkur. Ferðirnar gengu vel og voru mjög gagnlegar. Hér verður farið yfir efni og niðurstöður þeirra funda sem haldnir voru á tímabilinu.

Fundir með hagsmunaaðilum hérlendis

UN Women

Fundurinn nýttist sem viðkynningarfundur. Starfandi framkvæmdastjóri var með hugmyndir að menningarverkefnum sem hægt væri að skoða í samstarfi við Friðarsetrið.

UNICEF

Fram kom að „börn og friður“ bjóða upp á spennandi tækifæri, bæði til samstarfs og rannsókna. Mikil tækifæri eru til aukinnar friðar- og mannréttindafræðslu í skólum. Friðarsetur gæti stuðlað að fræðslu t.d. með því að þróa kennslufni fyrir mannréttindaskóla/námskeið. Þá væri áhugavert að stunda rannsóknir á því hvernig við getum nýtt lýðræðisþátttöku barna til að byggja upp frið í samfélaginu; hvað Íslendingar hugsa þegar talað er um frið, Ísland sem friðsamt ríki og Reyjavík sem friðarborg; ósýnilegt ofbeldi innan kerfisins/innan borgarinnar. Þá væri umhugsunarefni að það er enginn sem heldur utan um reglubundnar rannsóknir á ofbeldi á Íslandi. Annað sem vert væri að athuga væri eftirlit með framkvæmd aðgerðaráætlunar gegn ofbeldi og rannsókn á áhrifum hennar sem og með innleiðingu og framkvæmd Barnasáttmála SP. UNICEF bauð upp á reglulegt samráð og samtal um möguleg efnisatriði rannsókna, þ.e. að þeir gætu bent friðarsetrinu á nýjar tölur eða efni sem hægt væri að vinna með í



rannsóknnum innan Friðarsetursins auk þess sem þau gætu haft áhuga á að fá friðarsetrið til að ráðast í rannsóknir á ákveðnum málefnum fyrir sig.

Félag Sameinuðu þjóðanna

Tveir fundir voru haldnir með Félagi SP á Íslandi. Annar fundurinn var kynningarfundur þar sem Friðarsetrið var kynnt og Félag SP kynnti sína starfsemi. Félagið lýsti yfir miklum áhuga á samstarfi um friðarfræðslumál í skólum landsins. Á seinni fundinum var rætt um Alþjóðlega friðardaginn 21. september og hvort að friðarsetrið og Félag SP gætu komið saman að skipulagi í kringum daginn. Því var vel tekið þótt þeir fyrirvarar væru að sjálfsögðu settir að óvíst væri hvort starfsemi setursins færi af stað í haust.

Ísland – Palestína

Friðarsetrið hitti fulltrúa frá félaginu Ísland-Palestína tvisvar. Ananrs vegar á kynningafundi og síðar á fundi sem Ísland-Palestína bauðst til að setja upp með Dr. Mads Gilbert. Nánar verður greint frá þeim fundi hér að neðan.

Ísland-Palestína lagði áherslu á áþreifanleg verkefni á borð við vinaborgir. Rætt var um möguleikann á því að Reykjavík yrði vinaborg Gaza borgar og hvor hægt væri að koma á lista- og menningarsamstarfi milli borganna tveggja og jafnvel félagasamtaka innan borganna tveggja. Ungt fólk nefnt sérstaklega og háskólasamstarf. Þá var því velt upp hvort friðarsetrið gæti verið stuðnings- og samhæfingaraðili fyrir friðarsamtök á Íslandi.

Samtökin 78

Friðarsetrið býr vel að því að tengiliður setursins á skrifstofu borgarstjóra, Hilmar Magnússon alþjóðafulltrúi, er einnig formaður Samtakanna 78 svo reglulegt samtal á sér stað um hvernig friðarsetrið getið stutt við starfsemi samtakanna. Niðurstöður þeirra samræðna eru t.a.m. hugmyndir um átak gegn hatursorðræðu sem og stuðningur við hugmyndir friðarsetursins um að rannsaka sérstaklega stöðu hinsegin fólks á átakasvæðum og þar sem unnið er að friðaruppbyggingu.

Samtök hernaðarandstæðinga

Formaður Samtaka hernaðarandstæðinga, Auður Lilja Erlingsdóttir, tók þátt í pallborðsumræðum á fundi Friðarsetursins á Fundi fólksins 11. júní sl. Þar ræddi hún um mikilvægi þess að skoða hvort Ísland sé öruggt samfélag og hvað það er sem gerir Ísland öruggt og/eða óöruggt, hvort að þjóðaröryggisstefnan og vera Íslands í NATO/herflugvélar sé til þess fallið að gera Ísland að öruggum stað. Friðarsetrið var síðan í samskiptum við fyrrverandi formann og virkan meðlim samtakanna, Stefán Pálsson, í tengslum við skipulag viðburðar 5. ágúst sl. sem ber heitið “Scottish resistance to Trident on our soil, and the implications for the UK and the wider world”.

Alyson Bailes

Alyson er einn helsti sérfræðingur sem Háskóli Íslands hefur á sínum snærum þegar kemur að friðar-, varnar- og öryggismálum en hún var lengi vel forstöðumaður Stockholm International Peace Research Institute (SIPRI) í Svíþjóð auk þess að hafa starfað sem aðjúnkt við stjórn málafræðideild HÍ um árabíl þar sem hún hefur kennt öryggis og varnarmál með áherslu á smáríki. Friðarsetrið átti góðan kynningarfund með Alyson þar sem hún kom með góðar ráðleggingar sem hjálpuðu til við að skilgreina rannsóknarsérstöðu setursins. Þá var Alyson þátttakandi í öðrum af tveimur akademískum hugarflugsfundum sem friðarsetrið skipulagði á vormánuðum. Sagt verður betur frá þeim hér að neðan.

Baldur Þórhallsson

Baldur er helsti sérfræðingur Íslands í smáríkjafræðum en hann hefur sýnt setrinu mikinn stuðning og fór m.a. sem fulltrúi setursins á fund í Vínborg á vormánuðum til að ræða aðkomu setursins að fyrirlestrarröð sem verið er að skipuleggja í tengslum við Spirit of Humanity Forum. Þá hitti hann auk þess á fundi fulltrúa frá



Öryggissamvinnustofnun Evrópu (ÖSE) og sendiherra Íslands í Austurríki, Auðunn Atlason. Var setrinu í kjölfarið boðin aðild að viðamiklu ÖSE netverki sem hefur nú þegar verið starfsemi setursins til góða.

Hrund Gunnsteinsdóttir

Friðarsetrið á í góðum samskiptum við Hrund Gunnsteinsdóttur, þróunarfræðing og stjórnarformann tækniþróunarsjóðs. Hrund hefur reynslu af því að vinna að friðaruppbyggingu á áttakavæðum, hefur reynslu af því að starfa fyrir og með frjálsum félagasamtökum og býr yfir mjög góðu innlendu og alþjóðlegu tengslaneti. Hrund var með opunarerindið á fyrsta viðburði Friðarsetursins á Fundi fólksins í Norræna húsinu 11. júní sl.

Helga Þórey Björnsdóttir

Helga Þórey er mannfræðingur og aðjúnkt við HÍ. Helga Þórey tók þátt í pallborðsumræðum á fundi Friðarsetursins á Fundi fólksins 11. júní sl. en í máli hennar þar kom fram að við verðum að skoða allt sem tengist friði, líka stríð og ofbeldi. Þá talaði hún um mikilvægi þess að skilgreina viðfangsefni vel hverju sinni. Hún taldi að Friðarsetur ætti að vera leiðandi í opinni og gagnrýnni umræðu um friðarmál og til þess þurfi samtal við Alþingi/ríkisvaldið/hópa og út fyrir borgarmörkin/landamæri.

Rauði krossinn

Þórir Guðmundsson, sviðsstjóri mannúðar- og alþjóðasviðs Rauða kross Íslands tók þátt í pallborðsumræðum á fundi Friðarsetursins á Fundi fólksins 11. júní sl. Hann bergmálaði mikilvægi þess að skilgreina viðfangsefni setursins vel og að vert væri að skoða hugtökin réttlæti og sjálfbærni sérstaklega. Hann fagnaði akademískri nálgun og lagði til að setrið setti sér mælanleg markmið um hvaða árangri það vildi ná. Þá talaði hann um mikilvægi þess að halda vel utanum flóttafólkið sem kemur til Íslands.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins sem tók einnig þátt í pallborðsumræðum á fundi Friðarsetursins á Fundi fólksins 11. júní sl. fjallaði um áttak lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í meðhöndlun heimilisofbeldismála. Hún skýrði frá árangursríkri reynslu embættisins af því að setjast niður með mismunandi fagstéttum og ræða málin. Hún sagði að friðhelgi heimilis geti ekki réttlætt ofbeldi og þróa þurfi þá hugsun áfram. Friðarsetrið geti tekið þátt í sameiginlegri baráttu gegn kynferðisofbeldi.

Alþingi

Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, og Óttarr Proppé – Alþingismaður fyrir Bjarta framtíð voru með innlegg í pallborðsumræðum á fundi Friðarsetursins á Fundi fólksins 11. júní sl. Einar talaði um að ófriður væri ekki bara hernaðaráttök. Það þyrfti að ræða frið í víðu samhengi. Hann talaði um mikilvægi þess að fylgja leikreglum og að kosningar væru hluti af því og mikilvægi samræðna til að leysa úr átökum, t.d. á Alþingi. Ísland gæti fengið heilmikla áheyrn ef við höfum eitthvað fram að færa og að Reykjavík sem höfuðborg gegnir stóru hlutverki í að tryggja frið, t.d. v/ búsetuhlutverk og leiða fólk saman.

Óttarr vísaði í KK og sagði að allir væru svolitíð fordómafullir en að við berðumst einkum gegn fordómum hinna, ekki okkar eigin. Líkt og Sigríður og Einar fjallaði hann um mikilvægi samræðna til að leysa úr deilum og mikilvægi menntunar.

Þá var setrið í samskiptum við alþjóðaritara Alþingis, Vilborgu Ásu Guðjónsdóttur, við undirbúning fundarins í Norræna húsinu en hún er auk þess ritari þingsins í samskiptum gagnvart ÖSE og Evrópuráðinu svo mikilvægt er að halda góðum samskiptum við hana.

Stefnt er að nánari samskiptum við Alþingi og verður haft samband við formann utanríkismálanefndar á haustmánuðum 2015.



Rannís

Friðarsetrið átti góðan fund með Kristmundi Þór Ólafssyni, sérfræðingi á alþjóðasviði Rannís, og fékk upplýsingar um hvaða rannsóknaráherslur verði lagt upp með hjá nokkrum sjóðum sem Rannís hefur yfir að ráða og gætu nýst Friðarsetrinu. Var þar sérstaklega horft til Centres of Excellence hjá Nordforsk og málstofustyrki hjá NOS-HS sjóðnum og fleiri möguleikar kannaðir.

MFÍK

Friðarsetrið hitti fulltrúa frá MFÍK, Þórhildi Sunnu Ævarsdóttur, formann samtakanna. Friðarsetrið kynnti fyrirhugaða starfsemi og fékk innsýn inn í starf MFÍK. Þórhildur undirstrikaði mikilvægi þess að taka vel á móti flóttafólki og talaði gegn aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu (NATO). Þá var varpað fram hugmyndum að rannsóknum sem Friðarsetrið gæti unnið að út frá smáríkjanálguninni. Hún lýsti yfir áhuga á að standa að fyrirlestraröð með setrinu um hlutverk alþjóðaglæpadómstóla og stofnana þegar kemur að úrlausnum átaka og friðaruppbyggingu.

Varðberg

Friðarsetrið átti fund með Birni Bjarnasyni, fyrrverandi dómsmálaráðherra og núverandi stjórnarformanni Varðbergs, samtaka um vestræna samvinnu og alþjóðamál. Fram fór kynning á fyrirhugaðri starfsemi setursins. Hann benti á að áhugavert væri fyrir Ísland að fylgjast með stefnubreytingum innan NATO þar sem áherslan væri aftur að færast til vesturlanda og breytingar á umræðu um varnar- og öryggismál á samnorrænum vettvangi þar sem umræðan væri orðin mun opnari en áður þekktist.

Reykjavíkurborg

Fyrir utan fundi með Jóni Gnarr, Svanhildi Konráðsdóttur og Hilmari Magnússyni átti Friðarsetrið fund með S. Birni Blöndal, borgarfulltrúa Bjartrar framtíðar og Önnu Kristinsdóttur, mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar og síðar með Líf Magneudóttur og mannréttindastjóra. Á fyrri fundinum var rætt var sérstaklega um möguleika á því að setrið kæmi að skjólborgarverkefningu ICORN sem Reykjavíkurborg er þátttakandi í, mögulegt hatursorðræðuáttak, sáttamiðlunar- og fræðslumál. Þá var farið yfir möguleg samlegðaráhrif og samstarfsmöguleika við mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Ákveðið var að umræðunni skyldi fram haldið milli mannréttindastjóra og Lífar Magnúsdóttur á öðrum fundi.

Utanríkisráðuneytið

Friðarsetrið hitti sendiherra Íslands í Austurríki, Auðunn Atlason, sem einnig er fyrrum stjórnarmaður hjá Alþjóðamálastofnun, á fundi bæði í Vínarborg en einnig á sérstökum kynningar og hugarflugsfundi í Háskóla Íslands. Þar var rætt um sérstöðu Íslands til að mynda þegar kemur að herleysi og stjórnun náttúruauðlinda. Rætt var um möguleika þess að setrið myndi veita opinberum starfsmönnum, t.d. frá ráðuneytum, ÞSSÍ, friðargæslunni, RKÍ og Landshelgisgæslunni, þjálfun áður en þeir fara á vettvang á áttaksvæðum.

Dr. Mads Gilbert

Friðarsetrið, ásamt Hilmari Magnússyni, alþjóðafulltrúa Reykjavíkurborgar, átti góðan fund með Dr. Mads Gilbert en fundurinn var settur upp að frumkvæði félagsins Ísland-Palestína. Á fundinum komu fram hugmyndir um að setrið myndi íhuga að titla sig ekki bara friðarsetur heldur einnig réttlætissetur. Hvað það væri mikilvægt að fjalla um málefni sem snerta (ó)frið á gagnrýninn hátt og þess vegna væri svo mikilvægt að setrið hefði góða akademíska vikt. Þá voru ræddir möguleikar á því hvernig Ísland/Reykjavík gæti miðlað þekkingu til stríðshrjáðra svæða á sviðum þar sem landið er sterkt, eins og á sviði fiskveiða og fiskveiðiréttinda. Þá var rætt um möguleika á að koma á



systurborgasamstarfi við borgir á stríðshrjádum svæðum, eins og t.d. í Palestínu en einnig hvort að möguleikar væru á að koma á ungmennasamstarfi.

Meg Nishida

Verkefnisstjóri Friðarsetursins hitti, að beiðni borgarinnar, Meg Nishida og snérist fundurinn um að Alþjóðamálastofnun myndi í samstarfi við hana standa að skipulagi fundar um árásina á Hiroshima í septembermánuði. Verkefnið kom til að frumkvæði Meg sem hefur haft milligöngu fyrir konu að nafni Hirano sem hefur leyfi/diploma til að fjalla um árásina á Hiroshima. Ráðgert er að halda fund þar sem eiginmaður Hirano mun flytja söngatriði og í kjölfarið mun Hirano halda fyrirlestur um árásina. Þá verður sett upp plakatsýning í HÍ sem segir sögu árásarinnar.

Ingi Björn Sigurðsson

Friðarsetrið átti tvo hugarflugsfundi með frumkvöðlinum Inga Birni Sigurðssyni þar sem ræddir voru möguleikar á að setja upp árlegan alþjóðlegan stórviðburð þar sem fluttir yrðu inn stórir alþjóðlegir fyrirlesarar til að ræða um brennandi málefni á borð við það hvernig borgir geti nýtt sér breytingar í valdastrúktúr heimsins, með stóraukinni tilfærslu á valdi til almennings, til að vinna að auknum friði í heiminum.

Auður H. Ingólfssdóttir

Friðarsetrið átti fundi með Auði H. Ingólfssdóttur til að ræða mögulegt samstarf og rannsóknarvinkla fyrir friðarsetrið. Var þar sérstaklega rætt um smáríki og velt upp spurningum á borð við þær afhverju búshaldabyltingin hafi verið eins friðsæl og raun bar vitni? Afhverju ekki hafi orðið stríð á sínum tíma í smáríkinu Makedóníu? Einnig var rætt um tækifæri til að rannsaka kyn, umhverfismál og friðarmál í samhengi hvert við annað en það býður upp á mýmörg tækifæri til að skoða frið í nærumhverfinu/persónulegan frið.

Aurora Fund

Friðarsetrið átti fund með Regínu Bjarnadóttur, nýkjörnum framkvæmdastjóra Arora Fund. Regína fékk kynningu á aðdraganda verkefnisins og þeim hugmyndum sem setrið er að vinna að og sjóðurinn gæti haft áhuga á. Var þar sérstaklega einblínt á fræðsluþátt setursins og árlegan alþjóðlegan stórviðburð með áherslu á New Power og frið. Regína tók vel í hugmyndir setursins en setti þá fyrirvara að hún væri ný í starfi auk þess sem sjóðurinn væri mögulega að fara að einblína meira á stuðning við verkefni erlendis á kostnað innlendra verkefna. Hún bað engu að síður um að hún yrði upplýst um stöðu mála í september svo hún gæti kynnt hugmyndir setursins fyrir stjórn sjóðsins í október.

Annað

Ráðgert er að Friðarsetrið eigi fund með Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur til að skoða möguleg samlegðaráhrif í starfsemi þessara tveggja stofnana. Stefnt er að því að eiga fund með Auði Hauksdóttur, forstöðumanni Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, og Hólmfríði Garðarsdóttur, í september 2015. Þá var einnig haft samband við Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur, Siðfræðistofnun HÍ, Amnesty International á Íslandi og Rótarý en ekki náðist að setja upp fundi á tímabilinu. Unnið verður að því að hitta þau og fleiri aðila á næstu misserum. Einnig er ráðgert að ræða við framkvæmdastýru Kvennaathvarfsins og kynna henni hugmyndina á bak við friðarsetrið og fá hennar innlegg inn í hvernig þróa megi friðarsetrið áfram.

Akademískir hugarflugsfundir

Í ljósi þeirra ráðgjafar sem við fengum á fundum okkar erlendis var ákveðið að haldnir skyldu hugarflugsfundir með íslenskum fræðimönnum sem hafa þekkingu á sviðum alþjóðamála, smáríkjafræða, friðarfræða, kynjafræða, öryggis- og varnarmála, mannréttindamála í víðu samhengi. Markmið fundanna var tvíþætt, annars vegar voru þeir hugsaðir sem lið í því ferli að þróa áfram rannsóknarvinkla fyrir friðarsetrið og



hinsvegar að virkja íslenska fræðimenn til að hugsa um hvort þeir geti sett friðarvinkil á þeirra rannsóknir og hvetja þá til að skoða hvort þeir vilji vinna með friðarsetrinu að rannsóknum.

Fundur 1/2

Fyrsti akademíski hugarflugsfundurinn af tveimur fór fram föstudaginn 26. júní 2015. Ákveðið var að einblína sérstaklega á smáríki, öryggis- og varnarmál og Vestnorræn málefni á þeim fundi. Fundinn sóttu Baldur Þórhallsson, Alyson Bailes, Margrét Cela, Bylgja Árnadóttir, Pia Hansson, Jón Gunnar Ólafsson, Silja Bára Ómarsdóttir og Jóna Sólveig Elínardóttir.

Rætt var um vopnaeftirlitsmál og mikilvægi þess að fylgjast vel með þróun mála á því sviði enda hafi það áhrif á stöðu friðsældar á Íslandi ef að hergagnaflutningar um N-Atlantshafið aukast. Þá var rætt um möguleikana á að þróa áfram rannsóknarvinkil tengdum stöðu hinsegin fólks á átakasvæðum og niðurstaðan sú að það væri góður kostur enda ekkert annað friðarsetur sem hefur þann vinkil. Þá voru möguleikarnir á því að skoða hlutverk smáríkja, smáþjóða, smárra eininga og borga í friðaruppbyggingu rædd og þykir einnig góður kostur. Einnig var rætt um hvernig væri hægt að tengja rannsóknir á sviði norðurslóðasetursins við friðarsetrið og ljóst er að þar er margt sem verður skoðað. Þá voru ræddar leiðir til að innleiða friðarumræðuna inn í alþjóðlegan sumarskóla Alþjóðamálastofnunar og tækifæri til að friðarsetrið myndi á seinni stigum standa fyrir alþjóðlegum sumarskóla. Þessir skólar gætu á sama tíma stutt við útgáfu Friðarsetursins.

Fundur 2/2

Seinni hugarflugsfundurinn fór fram 24. júní 2015. Fundinn sóttu Hólmfríður Garðarsdóttir, Þorgerður Einarsdóttir, Pia Hansson, Hilmar Magnússon, Jón Gunnar Ólafsson Silja Bára Ómarsdóttir og Jóna Sólveig Elínardóttir. Einblínt var sérstaklega á minnihlutahópa, tjáningarfrelsi og kynjafræði.

Rætt var um möguleikana á samstarfi við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og þá sérfræðinga sem þar starfa og hafa þekkingu á stöðu tungumálaminnihluta í átökum t.d. á svæðum þar sem enska og spænska hafa tekið yfir frumbyggjamál o.s.frv. Einnig var fjallað um þá sérstöðu sem vest-norrænu ríkin hafa sem herlaus ríki hvert með sitt tungumál. Þá var talað um mikilvægi þess að rannsaka hlutverk fjölmiðla í ríkjum þar sem átök geisa og berjast þarf fyrir tjáningarfrelsi og tengslum þessa við réttindabaráttu minnihlutahópa á borð við hinsegin fólks á þesslags svæðum.

Þá var komið inn á tengsl kynjafræðinnar og friðarmála og rætt þar sérstaklega um þá stöðu sem Ísland hefur varðandi sérfræðiþekkingu þegar kemur að rannsóknum á sviði kynbundins ofbeldis og ályktun SP nr. 1325. Þá væri áhugavert að skoða kynlægar víddir ofbeldis, t.d. götuofbeldi og ofbeldi sem tæki til að stjórna löndum þar sem er mikil kynjavídd. Einnig var rætt um tækifæri til að rannsaka beitingu feminískrar aðferðafræði til að leysa deilur. Þannig væri hægt að ná mikilvægi friðar í nærumhverfi fram í rannsóknum.

Einnig var rætt um tækifæri til að tengja saman rannsóknir á sviði umhverfis-, loftslags- og auðlindamála og rannsóknir á friði. Einnig væri áhugavert að skoða fólksflutninga og þann flóttamálavanda sem borgir standa frammi fyrir.

Þá var rætt um tækifæri sem fælust í því að skoða málefni hinsegin fólks í samhengi við rannsóknir á sviði smáríkjafræða. Fram kom að Svartfjallaland hefur unnið mikið með kynjavíddina og kynhneigð í samstarfi við lögreglu og yfirvöld. Þá væri áhugavert að skoða hatursglæpi og hatursorðræðu í smáríkjum og mörk verndar og tjáningarfrelsis. Einnig komu fram sjónarmið um að tengja þurfi saman umræðu og rannsóknir á þessum



sviðum við umræðu um varnar- og öryggismál. Á sama tíma voru allir sammála um að mikilvægt væri að skoða nærumhverfið vel og tengja persónulegan frið við markmiðið um að byggja upp friðarmenningu í samfélaginu.

Fundur með hagsmunaaðilum erlendis

Osló

Markmið ferðarinnar var að kynna sér rekstrarform gestgjafanna (kosti og galla) og starfsemi (rannsóknir og viðburðir), fjármögnunarleiðir þeirra, reynslu þeirra af því að starfa með einkafyrirtækjum og félagasamtökum, að kynna setrið og fá endurgjöf á hvernig þeir sæju fyrir sér að Friðarsetur Reykjavíkur gæti markað sér sérstöðu og bætt einhverju við það sem nú þegar er til staðar.

Fundur með Asle Toje hjá Norwegian Nobel Institute, 15. apríl 2015

Fundurinn með Asle var góður og að loknum honum fékk friðarsetrið boð um að fá „observatory status seat“ á Nobel Symposium í Bergen sem halda á í júní 2016 þar sem 18 helstu fræðimenn á sviði friðar í heiminum koma saman til að ræða stöðuna eins og hún er í dag og fara yfir það sem við vitum ekki um frið. Hann útskýrði að Nobel Institute heldur utan um rannsóknarpart stofnunarinnar en Nobel Center sér um kynningarmálin. Rætt var um mikilvægi þess að rækta tengsl við Alþingi og utanríkisráðuneytið. Einnig var rætt um fjármögnun setursins og mikilvægi þess í því samhengi að vita hversu stór við viljum verða. Nobel Institute t.a.m. væri með 5 starfsmenn og hefði sá starfsmannafjöldi hefur haldist frá upphafi. Þá væri mikilvægt að þróa góð sambönd við íslenska fræðimenn sem unnið geti með setrinu og að þróa sambönd við alþjóðlega samstarfsaðila á borð við SIPRI/PRIO.

Þá var rætt hvernig setrið gæti best markað sér rannsóknasérstöðu. Vert væri að athuga möguleika á á sviðum ímyndar- og menningar-átaka og þar væri áhugavert að skoða Rússland, ríki í Austur-Evrópu og Kína í því sambandi. Möguleikar á því að stefna að árlegri, alþjóðlegri útgáfu á sérsviði setursins ræddir.

Fundur með Mariano Aguirre (Director) og Laura Mitchell (Senior Advisor) hjá Norwegian Peacebuilding Resource Centre (NOREF), 15. apríl 2015

NOREF er einskonar „úrræðasetur“ í friðaruppbyggingarstarfi Noregs. Setrið byggir á samstarfi við aðila í Noregi og á alþjóðavettvangi en setrið gefur einnig út efni byggðu á niðurstöðum rannsókna setursins. Starfsfólk og rannsóknaraðilar setursins eru alþjóðlegir. Setrið á í góðu samstarfi við utanríkisráðuneyti Noregs auk þess sem það á í góðu samstarfi við PRIO. Dæmi um rannsóknarsvið eru miðausturlönd, Suður-Ameríka, emerging powers, og Konur/friður/öryggi/1325. Starf setursins byggir annars vegar á tengslanetastarfi og hins vegar á því að „þýða“ akademískar rannsóknir yfir á praktískt form fyrir stefnumótendur og starfsmenn ráðuneyta sem fara með málaflokkinn. Strategía er endurskoðuð á árs basis (synthesis) út frá því sem er að gerast á alþjóðavettvangi og út frá stefnu stjórnvalda hverju sinni. Hins vegar er innri aðferðafræði, þ.e. hvernig þau bregðast við nýjum atburðum sem krefjast rannsókna, vel skilgreind.

Stofnunin er fjármögnuð af norska utanríkisráðuneytinu, ESB, hollenska ríkinu og bandarískum stofnunum á borð við Carter Centre í Atlanta.

NOREF sýndi því áhuga að gera rammamening við Friðarsetrið sem gæti falið í sér samstarf um að búa til policy briefs eða halda viðburði/námskeið.

Kynnt var verkefni sem verið er að vinna í í samstarfi við norska utanríkisráðuneytið og snýst um að safna saman upplýsingum og raða upp lista yfir konur á Norðurlöndunum



sem komið hafa að mannúðar- og friðaruppbyggingu á áttaksvæðum. Markmiðið er að bregðast við vöntun á konum í hlutverkum málamiðlara og í friðaruppbyggingu.

Fundur með með Siri Kemény (Assistant Director) og kollega hennar sem fer með heimilisofbeldismál 17. apríl 2015

Konfliktraadet eiga uppruna sinn að rekja til 8. áratugarins þegar unnið var að því að finna lausnir fyrir ungmenni í glæpum sem annars hefðu átt fangelsisvist yfir höfði sér en í Noregi fara ungmenni ekki í fangelsi. Konfliktraaded sækir fyrirmyndina til Belfast. Hjá samtökunum starfa um 600 málamiðlarar (mediators) í sjálfboðamennsku í 21 setrum um allan Noreg en höfuðstöðvarnar eru í Osló. Síðan 2004 er Konfliktraaded rekið á ríkisfjármagni og fellur það undir norska dómsmálaráðuneytið. Verkefni ráðsins eru mest á sviði glæpa (85%) en 15% tilfella eru borgaraleg ágreiningsefni. Lögreglunni er skilt að biðja um sáttameðferð hjá Konfliktraadet, þótt á því hafi oft staðið en síðustu ár hefur orðið mikil framför í tilkynningum. Flest málanna koma frá saksóknurum. Stærsti hópurinn sem nýtir sér þjónustu Konfliktraaded eru ungmenni á aldrinum 15-17 ára auk þess sem heimilisofbeldismálum hefur fjölgað inni á borði Konfliktraaded. Konfliktraaded er tæki til að færa átökin aftur til fólksins og gefa fólki tækifæri til að leysa sjálft úr ágreiningi í staðinn fyrir að fara með það í gegnum kerfið. Fólk fær þannig að vera partur af lausninni.

Þá var rætt sérstaklega við kollega Siri sem fer með heimilisofbeldismál hjá stofnuninni. Konfliktraadet tekur við heimilisofbeldismálum sem ratað hafa til lögreglunnar en ekki næst að klára málin. Heimilisofbeldismál eru að sögn mun meira krefjandi en önnur mál sem koma inn á borð Konfliktraadet og sjálfboðaliðar fást ekki við alvarlegri heimilisofbeldismálin. Þá eru alltaf tveir aðilar frá Konfliktraadet sem taka að sér heimilisofbeldismál. Ekki hefur gengið nógu vel úti á landi að sjálfboðaliðar fáist við heimilisofbeldismál.

Kvöldverður með Kristian Berg Harpviken (Director) og Torunn L. Tryggestad (senior researcher) hjá Peace Research Institute Oslo (PRIO), 16. apríl 2015

Líkt og á fundi með Nobel Institute var bent á mikilvægi þess að byggja rannsóknarvinkla eins mikið og hægt er á innanhúsbekkingu, þ.e. almennt á Íslandi sem og í Háskóla Íslands. Rætt var um möguleikana á að skoða sérstaklega skoða hlutverk sveitastjórnarstigsins í friðaruppbyggingu og að skoða ímyndir og átök t.d. í Rússlandi þar sem málefni á borð við tungumál og réttindi minnihlutahópa eru verðug rannsóknarefni. Þau tóku undir að landfræðileg lega landsins biði upp á möguleika.

Ræddir voru möguleikar á að setja upp vinnustofu um hvernig friðarsetrið geti markað sér sérstöðu, með lykilaðilum á Norðurlöndunum. Tillögur að umfjöllunarefnin var rætt. Þá bentu þau okkur á að skoða sérstaklega starfsemi Folke Bernadotte Academy (FBA) Swedish Agency for Peace, Security and Development og einnig hvort Nobel Peace Centre myndi vilja samstarf um að halda sýningu á Íslandi. Einnig voru möguleikarnir á því að standa að kynna Reykjavík sem friðarborg fyrir erlendum ferðamönnum á einhvern hátt og að hluti starfsemi friðarsetursins gæti verið markaðssett þannig.

Þegar kemur að fjármögnun þá styrkir norska ríkið PRIO með beinum fjárframlögum (10-15%) og svo styrkir norska utanríkisráðuneytið starfsemi þeirra á árs – 3 ára basis og getur það framlag numið allt að 25%. Þá fá þeir óbein fjárframlög frá ríkinu í gegnum Norwegian Research Council (40-45%) auk þess sem þeir fá styrki frá ESB (10-20%). Þá gefur útgáfa lítilliga af sér (6%). Þeir njóta engra framlaga frá einkaaðilum.



Bandaríkin

Silja Bára og Pia sóttu alþjóðlega ráðstefnu hjá The Institute for Economics of Peace og American University's Kogod School of Business undir heitinu "Business and Economics of Peace" í Washington D.C., 10. til 11. apríl sl. Ráðstefnuna sóttu fjöldi sérfræðinga og fræðimanna á þessu sviði sem öll sýndu setrinu áhuga. Í framhaldi hefur setrinu boðist þátttaka í The Alliance for Peacebuilding en við fórum sérstaklega á fund forstöðumannsins þar, Melanie Greenberg. Einn stjórnarmanna þeirra samtaka hefur síðan haft samband og boðist til að koma og taka beinan þátt í opnun setursins. Sá heitir Chich Dambach. Hann vinnur náið með Steve Killelea sem er stofnandi Global Peace Index og sömuleiðis stjórnarmaður í The Alliance for Peacebuilding. Full ástæða er til að halda áfram að styrkja tengslanetið vestur um haf og ljóst að áhugi manna þar á starfsemi setursins er mikill. Í ferðinni var líka tekið hús á sendiráði Íslands og rætt við Erling Erlingsson, sendiráðunaut, sem hefur síðan verið okkur innanhandar með ábendingar og ráðgjöf. Emil Breki Hreggviðsson, sem starfar í World Bank, sýndi líka verkefninu mikinn áhuga og hvatti okkur til að skoða fjármögnunarmöguleika einstakra verkefna.

ICORN (uppfært í nóvember 2015)

Í kjölfar funda með Mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar var fulltrúa Friðarsetursins boðið að vera meðlimur í starfshópi borgarinnar um skjólborgarverkefnið ICORN. Verkefnisstjóri Friðarsetursins sótti einn fund á vegum starfshópsins þann 24. september 2015 og móttöku á vegum Reykjavíkurborgar í tengslum við komu skjólborgarhöfundarins Orlando Luis Pardo Lazo þann 15. október. Í kjölfar fundar starfshópsins var haldinn opið fundur, þann 9. nóvember, á vegum Alþjóðamálastofnunar HÍ og Reykjavíkurborgar með skjólborgarhöfundinum Orlando Luis Pardo Lazo. Fundurinn hlaut góða umfjöllun í fjölmiðlum en fjallað var um efni hans hann bæði á vefnum www.mbl.is sem og í útvarpsþættinum „Spegillinn“ á Rás2.

Fundur með borgarstjóra (uppfært í nóvember 2015)

Fulltrúar Alþjóðamálastofnunar, forseti Félagsvísindasviðs HÍ og ráðgjafanefnd Friðarsetursins hittu borgarstjóra á fundi þann 26. ágúst 2015 þar sem gerð var grein fyrir framvindu verkefnisins á samningstímanum. Þar var lögð fram:

1. Fyrri útgáfa þessarar greinargerðar (Ágúst 2015)
2. Tillaga að þriggja ára starfsáætlun fyrir friðarsetrið þar sem gerð er grein fyrir framvindu verkefna Friðarsetursins á þriggja ára tímabili. Starfsáætlunin var kynnt í formi GANNT rits (sjá fylgiskjal: „150825_GANTT-i-prentun“)
3. Nánari lýsing á þeim verkefnum sem þróuð voru fyrir Friðarsetrið á samningstímabilinu og gert er ráð fyrir í fyrrgreindri starfsáætlun (sjá fylgiskjal: „Nánari lýsing á verkefnum Höfða – Friðarseturs Reykjavíkur“)
4. Myndræn útfærsla á því hvernig starfsemi Friðarsetursins er hugsuð (sjá fylgiskjal: „Stoðirnar í starfsemi Höfða - Friðarseturs Reykjavíkur“)
5. Tillögur að nafni fyrir Friðarsetrið og útfærsla á heimasíðu fyrir verkefnið (sjá fylgiskjal: „Heimasida-utfærsla-RPC .pdf“)
6. Tillaga að árlegum stjórnviðburði sem Friðarsetrið myndi standa að í samstarfi við Reykjavíkurborg og aðra aðila (sjá fylgiskjal: „150819_international-conference_concept.pdf“)
7. Tillaga að fjárhagsáætlun (síðar uppfærðar í meðförum ráðgjafanefndar Friðarsetursins.



Á fundinum voru kynnt sérstaklega valin lykilverkefni sem þróuð voru á samningstímabilinu og féllu þær hugmyndir í góðan jarðveg. Ákveðið var að ráðgjafanefnd Friðarsetursins myndi skila áliti um þær tillögur sem lagðar voru fram á fundinum og listaðar eru upp hér að framan.

Staðan í nóvember 2015

Beðið eftir formlegum viðbrögðum frá Reykjavíkurborg við þeim tillögum sem lagðar voru fyrir borgina þann 26. ágúst 2015 og sem síðar voru studdar með áliti ráðgjafanefndar Friðarsetursins og bréfi frá forseta Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands.



HÖFÐI
REYKJAVÍK PEACE CENTER



Reykjavíkurborg



ALÞJÓÐAMÁLA-
STOFNUN
HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík og **Háskóli Íslands**, kt. 600169-2039, Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík gera með sér svohljóðandi

Samstarfssamning um stofnun HÖFÐA Friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands

Inntak

Samningsaðilar skuldbinda sig til samstarfs um stofnun HÖFÐA – Friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands samkvæmt samningi þessum. Reykjavíkurborg greiðir 10 milljónir króna í stofnframlag til Háskóla Íslands vegna verkefnisins. Með þátttöku í stofnun Friðarseturs lýsir Reykjavíkurborg jafnframt yfir vilja sínum til að taka þátt í að tryggja rekstur setursins árin 2017 og 2018 sbr. samþykkt borgarráðs frá 3. mars 2016. Háskóli Íslands hýsir verkefnið innan Alþjóðamálastofnunar háskólans og leggur verkefninu til starfsaðstöðu, vinnuframlag og verkefnisstjóra.

Markmið og skipulag

1. Markmið með stofnun HÖFÐA – Friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands er að stuðla að því að Reykjavíkurborg vinni að friði í heiminum, jafnt innanlands sem utan. Til að ná þessu markmiði skal setrið skoða og skilgreina hvaða leiðir eru færar í þessum efnum og aðstoða Reykjavíkurborg við mótun, útfærslu og framkvæmd stefnu sem styrkir innviði hennar í því hlutverki að vera borg friðar.

Auk þessa er HÖFÐA – Friðarsetri Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands ætlað að auka almennt þekkingu á því hvernig stuðla megi að friði, annars vegar með fræðslu til almennings, starfsfólks Reykjavíkurborgar og nemenda í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar, og hins vegar með stuðningi við rannsóknir. Þá er setrinu ætlað að styrkja stefnu Reykjavíkurborgar í alþjóðamálum, í samræmi við þá þróun sem verið hefur á heimsvísu í átt að auknum sendierindrekstri stjórnvalda á lægri stjórnsýslustigum (e. para-diplomacy).

Setrið er því hugsað sem vettvangur fyrir þverfaglegt og alþjóðlegt samstarf, skipulag viðburða, ráðgjöf og fræðslu á sviði friðarmála, með áherslu á hlutverk borga og smáríkja við að stuðla að friði, friðarmenningu, afvopnun og friðarfræðslu. Þessi samningur nær til undirbúnings stofnunar setursins og aðkomu að mótun friðarstefnu Reykjavíkurborgar.

2. Stofnun HÖFÐA – Friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands er faglega sjálfstætt verkefni innan Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands sem unnið er í nánú samstarfi við Reykjavíkurborg. Stofnunin er vettvangur þverfaglegs samstarfs á sviði alþjóðamála og smáríkjarrannsókna en innan stofnunarinnar starfa einnig Rannsóknasetur um smáríki og Rannsóknasetur um norðurslóðir.
3. Um skipulag og starfsemi HÖFÐA – Friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands verður nánar fjallað í stofnsamþykkt sem lögð verður fyrir borgarráð og Háskóla Íslands til samþykktar.

Framlög samstarfsaðila

4. Framlag Reykjavíkurborgar til þessa verkefnis verður tíu milljónir króna sbr. samþykkt borgarráðs frá 3. mars 2016. Framlagið greiðist eftir undirritun samnings gegn framvísun reiknings.
5. Framlagi Reykjavíkurborgar til verkefnisins verður ráðstafað skv. fyrrgreindri samþykkt borgarráðs frá 3. mars 2016. Í samþykktinni er kveðið á um að framlaginu verði ráðstafað skv. valkosti 2 í tillögum og fjárhagsáætlun frá Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands. Tillögurnar og gögnin eru fylgigögn við samþykktina. Annars vegar er um að ræða kr. 5.250.000,- í launakostnað. Hins vegar er um að ræða kr. 4.750.000,- til að mæta kostnaði vegna sérverkefna. Nánar tiltekið er um að ræða sérverkefni skv. leið B í valkosti 2. Leið B gerir annars vegar ráð fyrir alþjóðlegum viðburði í tengslum við stofnun friðarsetursins og 30 ára afmæli leiðtaogafundarins í Höfða. Hins vegar gerir hún ráð fyrir símenntun til starfsfólks Reykjavíkurborgar, þróun sérsniðinna námskeiða í friðarfræðum og námskeiðs til að gera borgarstarfsfólk hæfara í að takast á við aðstæður og átök sem upp geta komið í samskiptum við fólk sem gengið hefur í gegnum erfiða lífsreynslu og/eða kemur frá ólíkum menningarheimi.
6. Verkefnið er hýst innan Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og leggur stofnunin verkefninu til starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er, sem og vinnuframlag starfsmanna stofnunarinnar, sbr. fylgigögn við samþykkt borgarráðs frá 3. mars 2016.
7. Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands ræður verkefnastjóra til verkefnisins og er hann ábyrgur fyrir undirbúningsvinnu í tengslum við opnun setursins. Verkefnastjóri ber einnig ábyrgð á að sækja um styrki til hins opinbera og einkaaðila, innlendra og erlendra, og leggur drög að umsóknum í innlenda og erlenda rannsóknasjóði.

Framkvæmd samnings

8. Fyrir hönd Háskóla Íslands er Alþjóðamálastofnun ábyrg fyrir framkvæmd samningsins en skrifstofa borgarstjóra og borgarritara fyrir hönd Reykjavíkurborgar.
9. Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands skal skila greinargerð um stofnun HÖFÐA – Friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands í janúar 2017.

Trúnaður og kynningarmál

10. Samningsaðilar skulu virða sem trúnaðarmál allar þær upplýsingar um starfsemi gagnaðila sem þeir kunna að öðlast við framkvæmd samnings þessa nema lög kveði á um annað, enda séu þær ekki almennt þekktar eða hafi verið gerðar opinberar. Þagnarskyldan helst eftir samningslok. Fulltrúar viðsemjanda skulu virða þagnarskyldu skv. 101 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og meðhöndla persónuupplýsingar af fyllsta trúnaði og gæta ákvæða laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

11. Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands skal halda kynningu á því verki sem fjárveiting fer til, án sérstakrar þóknunar, sé eftir því óskað af Reykjavíkurborg. Stofnunin skal jafnframt upplýsa í kynningum á verkefningu að það njóti fjárframlaga frá Reykjavíkurborg.

Efndir samnings

12. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu Háskóla Íslands. Telji annar samstarfsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað. Rísi mál vegna efnda samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 7. október 2016

F.h. Háskóla Íslands

F.h. Reykjavíkurborgar

Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu:

Nafn kt.

Nafn kt.

Hjálagt:

Samþykkt borgarráðs frá 3. mars 2016 um Friðarsetur og 30 ára afmæli Höfðafundarins, ásamt fylgigögnum. Málsmr. R16020116

| Valkostur 1 | | | |
|--|---------------|-----------------------|----------------------|
| | | | |
| | Samtals á ári | Reykjavíkurborg | HÍ |
| Rekstur | | | |
| Forstöðumaður (100%) | ISK 7.000.000 | ISK 7.000.000 | |
| Launakostnaður annars starfsfólks AMS sem kemur að verkefnum friðarsetursins | ISK 4.000.000 | | ISK 4.000.000 |
| Kostnaður vegna sérverkefna** | ISK 5.000.000 | ISK 5.000.000 | |
| Húsnæði | ISK 500.000 | | ISK 500.000 |
| Tækjabúnaður | ISK 500.000 | | ISK 500.000 |
| Ritvinnsluforrit | ISK 10.000 | | ISK 10.000 |
| Stjórnsýslukostnaður | ISK 400.000 | | ISK 400.000 |
| Vefsíða (hýsing+lén) | ISK 70.000 | | ISK 70.000 |
| Símenntun og þjálfun fyrir forstöðumann | ISK 260.000 | | ISK 260.000 |
| Pappír, pennar, glósubækur blek, prentun fyrir dagleg not | ISK 50.000 | | ISK 50.000 |
| Síma- og internetkostnaður | ISK 150.000 | | ISK 150.000 |
| Póstkostnaður | ISK 50.000 | | ISK 50.000 |
| Samtals | | ISK 12.000.000 | ISK 5.990.000 |

** Sjá útskýringu í fylgiskjali: Nýjar tillögur vegna friðarseturs

| Valkostur 2 | | | |
|--|---------------|-----------------------|----------------------|
| | | | |
| | Samtals á ári | Reykjavíkurborg | HÍ |
| Rekstur | | | |
| Forstöðumaður (75%) | ISK 5.250.000 | ISK 5.250.000 | |
| Launakostnaður annars starfsfólks AMS sem kemur að verkefnum friðarsetursins | ISK 3.000.000 | | ISK 3.000.000 |
| Kostnaður vegna sérverkefna** | ISK 4.750.000 | ISK 4.750.000 | |
| Húsnæði | ISK 500.000 | | ISK 500.000 |
| Tækjabúnaður | ISK 500.000 | | ISK 500.000 |
| Ritvinnsluforrit | ISK 10.000 | | ISK 10.000 |
| Stjórnsýslukostnaður | ISK 400.000 | | ISK 400.000 |
| Vefsíða (hýsing+lén) | ISK 70.000 | | ISK 70.000 |
| Símenntun og þjálfun fyrir forstöðumann | ISK 260.000 | | ISK 260.000 |
| Pappír, pennar, glósubækur blek, prentun fyrir dagleg not | ISK 50.000 | | ISK 50.000 |
| Síma- og internetkostnaður | ISK 150.000 | | ISK 150.000 |
| Póstkostnaður | ISK 50.000 | | ISK 50.000 |
| Samtals | | ISK 10.000.000 | ISK 4.990.000 |

** Sjá útskýringu í fylgiskjali: Nýjar tillögur vegna friðarseturs

| Valkostur 3 | | | |
|-------------|--|--|--|
| | | | |
| | | | |

| | Samtals á ári | Reykjavíkurborg | HÍ |
|--|---------------|----------------------|----------------------|
| Rekstur | | | |
| Forstöðumaður (60%) | ISK 4.200.000 | ISK 4.200.000 | |
| Launakostnaður annars starfsfólks AMS sem kemur að verkefnum friðarsetursins | ISK 2.000.000 | | ISK 2.000.000 |
| Kostnaður vegna sérverkefna** | ISK 3.800.000 | ISK 3.800.000 | |
| Húsnæði | ISK 500.000 | | ISK 500.000 |
| Tækjabúnaður | ISK 500.000 | | ISK 500.000 |
| Ritvinnsluforrit | ISK 10.000 | | ISK 10.000 |
| Stjórnsýslukostnaður | ISK 400.000 | | ISK 400.000 |
| Vefsíða (hýsing+lén) | ISK 70.000 | | ISK 70.000 |
| Símenntun og þjálfun fyrir forstöðumann | ISK 260.000 | | ISK 260.000 |
| Pappír, pennar, glósubækur blek, prentun fyrir dagleg not | ISK 50.000 | | ISK 50.000 |
| Síma- og internetkostnaður | ISK 150.000 | | ISK 150.000 |
| Póstkostnaður | ISK 50.000 | | ISK 50.000 |
| Samtals | | ISK 8.000.000 | ISK 3.990.000 |
| ** Sjá útskýringu í fylgiskjali: Nýjar tillögur vegna friðarseturs | | | |

FRAMLAG HÍ TIL VIÐBÓTAR VIÐ FASTAN REKSTRARKOSTNAÐ

| | Samtals á ári | Reykjavíkurborg | HÍ |
|---|----------------------|-----------------|----------------------|
| Framlag HÍ til viðbótar við fastan rekstrarkostnað | | | |
| Þátttaka Friðarsetursins í Háskóla unga fólksins | ISK 500.000 | | ISK 500.000 |
| Þróun náms í friðarfræðum við Háskóla Íslands | ISK 2.400.000 | | ISK 2.400.000 |
| Friðarfræðikennsla í alþjóðlegum sumarskóla smárikjasetursins | ISK 500.000 | | ISK 500.000 |
| Skipulagðir opnir fyrirlestrar á vegum Alþjóðamálastofnunar | ISK 2.250.000 | | ISK 2.250.000 |
| Samtals | ISK 5.650.000 | ISK - | ISK 5.650.000 |

FYRIR UTAN SÉRVERKEFNI FELUR FASTUR REKSTRARKOSTNAÐUR Í SÉR EFTIRFARANDI VERKEFNI:

| |
|---|
| Þátttaka í stefnumótun borgarinnar í friðarmálum |
| Þátttaka í þróun verkáætlana um framkvæmd friðarstefnu |
| Innlent og alþjóðlegt samstarf - ICORN, Peaceboat ofl. |
| Spirit of Humanity Forum - skipulag og utanumhald |
| Skipulag viðburða í tengslum við friðardaginn |
| Ferðakostnaður (ráðstefnur, fundir erlendis) |
| Markaðs- og kynningarmál (s.s. Viðhald og þróun vefs og samfélagsmiðla) |
| Reglubundnir fundir |

Nánari lýsing á verkefnum Höfða – Friðarseturs Reykjavíkur

| Friðarstefna | |
|---|--|
| <p>A1 Áframhaldandi þátttaka í stefnumótun borgarinnar í friðarmálum - innanlands</p> | <p>Unnið verði náði með sérfræðingum Reykjavíkurborgar í að þróa friðarstefnu borgarinnar með hliðsjón af annarri tengdri stefnumótun:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Alþjóðasamskiptum ○ Mannréttindamálum ○ Umhverfismálum ○ Siðareglum ○ Starfsmannastefnu ○ Menntamálum ○ Velferðarmálum ○ Menningarmálum <p>Markmið stefnumótunarvinnu í friðarmálum innanlands er að vinna markvisst að því að borgin geti staðið undir nafni sem friðarborg með því að vinna ötullega að friðarmálum innanlands. Þannig vinnur borgin sér í hagin fyrir ímyndaruppbyggingu á alþjóðavettvangi.</p> <p>Liður í stefnumótunarvinnunni verður útfærsla átaks gegn hatursorðræðu og –glæpum sem felur í sér úttekt/kortlagningu þegar kemur að viðbragðsgetu borgarinnar þegar upp koma atvik um hatursorðræðu og –glæpi, gerð aðgerðaráætlunar og viðbragðsáætlana. Liður í aðgerðaráætlun borgaryfirvalda skal vera vitundarvakningarátak (sjá nánari útfærslu í sérstakri umfjöllun um það verkefni undir „Einstök verkefni - M7 Átak gegn hatursorðræðu og -glæpum“).</p> <p>Mikilvægt er að byggja á þeirri vinnu sem þegar hefur verið innt af hendi og að nýtt verði það tengslaneta- og samráðsstarf sem forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar og verkefnisstjóri friðarsetursins hafa unnið að á samstarfssamningstímabilinu. Sú vinna nýtist m.a. við að hefja skipulagt samráðsferli sem lið í undirbúningi fyrir stefnumótunarvinnuna. Samráðsferlið skal vera annars vegar á grundvelli sérfræðingasamráðs með hagsmunaaðilum og hins vegar borgarasamráðs.</p> |
| <p>A2 Áframhaldandi þátttaka í stefnumótun borgarinnar í friðarmálum - samræming við stefnu borgarinnar í alþjóðasamskiptum og mannréttindamálum</p> | <p>Líkt og við á um innlendu stefnumótunina verður unnið að stefnumótun í friðarmálum með sérstakri áherslu á alþjóðasamskipti og mannréttindi, enda verður eitt af markmiðum friðarsetursins að styrkja stefnu borgarinnar í þesum málaflokkum, sbr. þróun á vettvangi „para-diplomacy“, en einnig þar sem við á þegar kemur að:</p> |

| | |
|--|--|
| | <ul style="list-style-type: none"> ○ Umhverfismálum ○ Menntamálum ○ Velferðarmálum ○ Menningarmálum <p>Markmið stefnumótunarvinnu í friðarmálum, með sérstakri áherslu á alþjóðasamskipti og mannréttindi, er að styðja við og styrkja ímyndaruppbyggingu Reykjavíkurborgar sem friðarborgar á alþjóðavettvangi. Stefnumótunarvinnan verður unnin í samstarfi við alþjóðafulltrúa Reykjavíkurborgar, Mannréttindastjóra og aðra sérfræðinga sem koma að stefnumótun sem tengjast mannréttindum og erlendum samskiptum. Hlutverk Höfða – Friðarseturs Reykjavíkur verður einnig að gæta þess að allt starf borgarinnar í mótun stefnu í friðarmálum skili sér inn í stefnumótun á öðrum sviðum borgarinnar sbr. þau stefnusvið sem hér eru talin upp.</p> <p>Líkt og fram kemur að ofan er mikilvægt er að nýta þá tengslaneta- og samráðsvinnu sem forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar og verkefnisstjóri Friðarsetursins hafa unnið á alþjóðavettvangi enda mun hún nýtast við að hefja samráðsferli við viðeigandi aðila.</p> <p>Skoða þarf sérstaklega tækifæri sem felast í að koma á virkum vinaborgarsamskiptum við borgir í ríkjum sem íslenska ríkið hefur lýst yfir stuðningi við, t.d. Gaza borg í Palestínu. Þannig má hámarka raunverulegan árangur af baráttu borgarinnar fyrir auknum friði í heiminum. Þá væri líka hægt að koma á skipulegu sambandi milli háskólastofnana í þessum ríkjum og á Íslandi, milli borgaryfirvalda, milli frjálsra félagasamtaka með sérstakri áherslu á ungt fólk. Hér nýtist tengslanetastarf setursins vel og því möguleiki að eiga gott samráð og samstarf við helstu sérfræðinga á þessu sviði eins og t.d. Dr. Mads Gilbert og félagið Ísland-Palestínu).</p> |
| <p>A3-4 Þátttaka í þróun verkáætlana um framkvæmd friðarstefnu innanlands og utan</p> | <p>Skipaður verði starfshópur sem hefur það að markmiði, í samræmi við mótaða friðarstefnu borgarinnar, að vinna starfsáætlun í friðarmálum. Hópurinn verður skipaður fulltrúum frá Friðarsetrinu, sérfræðingum frá borginni (þ.m.t. alþjóðafulltrúa borgarinnar), fulltrúa frá Mannréttindaráði og mannréttindaskrifstofu. Verkáætlunin tekur jafnan mið af annarri tengdri stefnumótun:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Alþjóðasamskiptum ○ Mannréttindamálum ○ Siðareglum ○ Starfsmannastefnu ○ Umhverfismálum |

| | |
|---|--|
| | <ul style="list-style-type: none"> ○ Menntamálum ○ Velferðarmálum ○ Menningarmálum <p>Starfshópurinn sem að áætluninni vinnur fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir hann heyra og á áætlunin að endurspeglar þær áherslur sem hópurinn er með. Tilgangurinn með áætluninni er að forgangsraða verkefnum en hún á einnig að nýtast til að fylgjast með framvindu verkefna.</p> <p>Hugmyndin er að fyrsta árið verði valin verkefni fjármöggnuð að til lengri tíma skuli ráðist í að þróa og fjármagna framkvæmd á umfangsmeiri áætlunum.</p> |
| A5-6 Þátttaka í framkvæmd friðarstefnu Reykjavíkurborgar innanlands og utan | Friðarsetrið mun aðstoða borgina við framkvæmd friðarstefnu, í samræmi við þau verkefni sem því eru úthlutað í verkáætlunum Reykjavíkurborgar í málaflöknum, hvort sem er innanlands eða í alþjóðasamskiptum. |
| A7-8 Innlent og alþjóðlegt samstarf og tengslanetastarf | Friðarsetrið mun taka virkan þátt í að byggja upp tengslanet borgarinnar, innanlands og utan, í samstarfi við fulltrúa og sérfræðinga borgarinnar og leggja ríka áherslu á að tengslanetastarfið sé bæði markvisst og í samræmi við friðarstefnu borgarinnar. |
| | |
| O Fræðslumál | |
| O0 Leikskólar | Til lengri tíma litið verður fræðslustarf á bæði leik- og grunnskólastigi, en til að byrja með verður einblínt á grunnskóla borgarinnar. Ástæðan fyrir því að hafist verður handa á grunnskólastiginu er m.a. mikilvægi forgrangsroðunar og þess að geta byggt á reynslu á grunnskólastiginu, þar sem vinna er nú þegar hafin, sem nýta má síðar inn á leikskólastigið. |
| O1 Grunnskólar | |
| O1.A1 Þróun fræðsluefnis fyrir 1.-10. bekki grunnskóla í tengslum við árlegan Alþjóðlegan friðardag 21. september | <p>Menntun er lykilþáttur í að þróa og byggja Reykjavík upp sem friðarborg. Stefnt er að því að friðarfræði, í víðum skilningi, verði samtvinnuð inn í námsefni í samfélagsfræði og/eða lífsleikni í grunnskólum höfuðborgarsvæðisins. Friðarsetrið, í samstarfi við innlenda sérfræðinga í friðar- og átakafræðum, skóla- og frístundasvið og Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, menntavísindasvið HÍ, námsgagnastofnun og frjáls félagasamtök sem unnið hafa að friðarfræðslu innanlands, munu þróa, fullvinna, dreifa og kynna lifandi og fjölbreyttu námsefni í friðarfræðum fyrir grunnskóla.</p> <p>Með því að þjálfa nemendur í að greina og leysa úr átökum á friðsamlegan hátt er hægt að vinna markvisst að því langtímamarkmiði að byggja upp friðarmenningu í skólum borgarinnar sem síðar mun skila sér út í</p> |

samfélagið í heild.

Aukinn skilningur á alþjóðamálum og átökum í heiminum eykur meðvitund nemenda um mikilvægi friðsamlegra samskipta. Fjallað yrði um átök í samskiptum, bæði á milli einstaklinga og ríkja. Markviss kennsla í friðarfræðum felur í sér:

- Námsumhverfi þar sem nemendur og kennarar læra hvert af öðru í samtali sem byggir á virðingum og sanngirni þ.e. friðsamlegum samskiptum
- Að ýtt sé undir gagnrýna hugsun og samfélagsrýni
- Að nemendur þrói með sér færni sem nýtist til að breyta samfélaginu til betri vegar og átta sig á gerendahæfni einstaklinga
- Að nemendur og kennarar þrói með sér getu til að greina viðfangsefni á borð við átök og ofbeldi á heildrænan hátt. Þetta felur í sér að málefni séu greind þannig að þau taki til greina fortíð, nútíð og framtíð í okkar nánasta umhverfi, í samfélaginu okkar og á heimsvísu
- Að þróa getu nemenda og kennara til að greina samskipti
- Að miðla gildum á borð við samkennd, jafnrétti, fjölbreytni, sjálfbærni, víxlhæði (interdependence) og friðsamleg samskipti (nonviolence)

Þemu fyrir mismunandi grunnskólastig:

1.-4. Bekkur: Friðsamleg samskipti

Markmið friðarkennslunnar á þessu skólastigi er að einstaklingar verði færir um að tjá skoðanir sínar og færa rök fyrir þeim, geti hlustað á skoðanir annarra og skilji mikilvægi þess að geta rökrætt málefni án þess að allir séu sammála. Einnig er stefnt að því að önnur gildi friðsamlegra samskipta séu innleidd, ekki einungis í kennslu hendur einnig í samskiptum við samnemendur, t.d. í frímínútum og við foreldra heima við.

5.-7. Bekkur: Gagnrýnin hugsun, stjórnsmál og samfélagsrýni

Markmið kennslunnar er að byggja ofan á skilning barnanna á friðsamlegum samskiptum og bæta t.d. við hugmyndum um samskipti á netinu. Nánar verður farið í kennslu um samfélagsleg málefni og málefni líðandi stundar. Hugtök úr stjórnmála-, friðar- og átakafræðum kynnt. Lögð verður áhersla á gagnrýna hugsun og að sjá hlutina út frá mismunandi sjónarhornum. Þá eiga nemendur að öðlast færni í að fjalla um málefni líðandi stundar og geta lesið fjölmiðla á gagnrýnin hátt.

8.-10. Bekkur: Friðarfræðsla, alþjóðamál, umræða um átök

Hlutverk ríkja í alþjóðasamfélaginu skoðuð ásamt hlutverki einstaklinga þegar kemur að friði og átökum.

Litið verður lengra en til eigin samfélags og horft til átaka sem eiga og hafa átt sér stað á alþjóðavettvangi. Auk þess verður fjallað um mismunandi orsakir átaka, lausnir til að takast á við átök og leiðir til að stuðla að friði. Nánar verður fjallað um jákvæðan frið og að hverju þurfi að huga í samfélaginu til að viðhalda friði. Einnig er rýnt í viðfangsefni á borð við kynjafræði, trúmál, þjóðernis- og kynþáttahyggju og eðli öfga- og hatursfullrar orðræðu.

Þróun kennsluefnis í áföngum

Stefnt er að því að þróa kennsluefni í þremur áföngum á þremur árum.

1. áfangi: Upphaf verkefnis, þróun og útgáfa stuttra upplýsingabæklinga um frið og aðferðir til úrlausna í átökum.
 - a. Skipað verði framkvæmdateymi samsett af ritstjóra frá námsgagnastofnun, verkefnisstjóra hjá friðarsetrinu, sérfræðingum frá skóla- og frístundasviði og Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og sérfræðingi frá menntavísindasviði. Teymið mun starfa út þriggja ára tímabilið.
 - b. Settur verði á fót faghópur, sem veita mun sérfræðiráðgjöf með reglulegu millibili.
 - c. Fundinn jarðvegur fyrir friðarsjónarmið í mismunandi námsgreinum.
 - d. Þróun og útgáfa bæklinga sem nýtast munu við þróun og útgáfu kennslumyndbanda og -bóka.
 - e. Þróun inntaks og efnis fyrir stutt kennslumyndbönd.
 - f. Áætlanir fyrir friðardaginn 21. september þróaðar með það að markmiði að dagurinn sé haldinn hátíðlegur ár hvert í öllum grunnskólum.
2. áfangi: Lokaþróun og útgáfa stuttra kennslumyndbanda um frið og aðferðir til úrlausna í átökum fyrir öll þrjú skólastig.
 - a. Leitað verður eftir samstarfi við Kvikmyndaskóla Íslands og grunnskólanemendur við þróun kennslumyndbanda í friðarfræðum.
 - b. Myndböndin munu nýtast við þróun og útgáfu kennslubóka fyrir 5.-7. bekk og 8.-10. bekk.
 - c. Friðardagurinn 21. september haldinn hátíðlegur grunnskólum borgarinnar.
 - d. Myndböndin fara í dreifingu og þau kynnt á alþjóðlega friðardeginum.
3. áfangi: Unnið markvisst að útgáfu kennslubóka í friðarfræðum fyrir 5.-7. bekki og 8.-10. bekki grunnskóla.

| | |
|--|---|
| | <p>a) Unnið í nánu samstarfi við Námsgagnastofnun og menntavísindasvið Háskóla Íslands.</p> <p>b) Kennslubækur tilbúnar til kynningar og dreifingar við lok tímabils.</p> |
| O1.A2 Skipulag viðburða í tengslum við þemavikur í skólum | <p>Grunnskólar Reykjavíkur verða hvattir til að halda friðardaginn 21. september hátíðlegan. Friðarsetrið setur sér það sem markmið að ýta undir mismunandi verkefni og dagskrá á hverju í grunnskólum sem og í samfélaginu öllu.</p> <p>Sjá nánar undir „Einstök verkefni – M1.A1“.</p> |
| O1.A3 Þátttaka Friðarsetursins í Háskóla unga fólksins í Háskóla Íslands | <p>Friðarsetrið mun tryggja að friðarfræði verði kennd í Háskóla unga fólksins í Háskóla Íslands ár hvert til að byggja upp hóp af ungu fólki sem seinna á lífsleiðinni gæti haft hug á að leggja stund á nám í friðarfræðum á háskólastigi. Þannig er stutt við langtímamarkmið setursins á sviði rannsókna sem er að byggja upp þekkingu innanlands í friðarfræðum sem auðveldað getur setrinu að marka sér sterka sérstöðu og trúverðugleika, þegar kemur að rannsóknum í friðarfræðum, á alþjóðavettvangi.</p> |
| O2 Háskóli Íslands | |
| O2.A1 Þróun náms í friðarfræðum við Háskóla Íslands. | <p>Unnið verður að þróun eins árs diplóma og síðar tveggja ára MA náms í friðarfræðum við Háskóla Íslands. Kallaðir verða til sérfræðingar innan HÍ, Íslendingar sem lokið hafa námi í friðarfræðum við erlenda háskóla og erlendir sérfræðingar.</p> |
| O2.A2 Friðarfræði inn í alþjóðlegan sumarskóla smáríkasetursins | <ol style="list-style-type: none"> 1. ár – Friðarfræði verður tekið inn undir eina stoð sumarskóla Rannsóknarseturs um smáríki, sem hýst er undir Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands. Fjallað verður um smáríki og tengsl sjálfbærni, réttlætis og friðar. Síðan verður lagt mat á hvernig til tókst og hvort ástæða er til að sækja sérstaklega um styrk til að halda sumarskóla þar sem hlutverk smáríkja í friðaruppbyggingu í heiminum verður ein af lykilstoðum í sumarskólanum. 2. -3. ár - Sótt verði aftur um Jean-Monnet styrk fyrir sumarskóla smáríkjasetursins en í þetta skiptið verði friður ein af lykilstoðum í sumarskólanum. Leitað verður eftir kennara með friðarfræði sem sérgrein til að kenna hluta skólans en auk þess verður lögð áhersla á samvinnu milli sérfræðinga í smáríkjafræðum og friðarfræðum til að leita eftir samlegðaráhrifum og nýjum tækifærum til þverfaglegra rannsókna á milli þessara tveggja sviða. Þá verði eitt af skilyrðum fyrir þátttöku kennara í sumarskólanum að undirbúa „policy papers“ sem hægt verði að gefa út að sumarskólanum loknum og nýtast munu stefnumótunaraðilum Reykjavíkurborgar á sviði friðarmála |

| | |
|--|--|
| | auk þess sem það styður við við útgáfu friðarsetursins. |
| O3 Fullorðinsfræðsla | |
| O3.A1 Símenntun fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar | <ol style="list-style-type: none"> 1. Þróuð yrðu sérsniðin námskeið í friðarfræðum fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar með það að markmiði að byggja upp friðarmenningu í starfsumhverfi þeirra 6000 starfsmanna sem vinna hjá borginni. Til að tryggja að námskeiðin svari væntingum og þörfum borgarinnar yrði í fyrstu framkvæmd þarfagreining, með viðtölum við yfirmenn hjá Reykjavíkurborg. Tilgangur greiningarinnar væri að fá hugmynd um það sem er í boði nú þegar og geta þannig sniðið námskeiðin sem best að þörfum starfsmanna borgarinnar. Því næst væri ráðist í að þróa þrjú - fimm pilot námskeið (til að byrja með) sem fram færu annars vegar í formi stuttra fyrirlestra og hins vegar í formi hagnýtra æfinga. Námskeiðin yrðu prufukeyrð haustið 2016. 2. Friðarsetrið, í samstarfi við erlenda og innlenda sérfræðinga, mun þróa námskeið fyrir borgarstarfsmenn til að gera þá hæfari til að takast á við aðstæður og átök sem upp geta komið í samskiptum við fólk sem gengið hefur í gegnum erfiða lífsreynslu og/eða kemur frá ólíkum menningarheimi. |
| O3.A2 Skipulagðir opnir fyrirlestrar | <ol style="list-style-type: none"> 1. Skipulagðar verða fundaraðir með áherslu á frið í víðu samhengi. Þó verður lögð áhersla á ákveðin þemu eftir tímabilum. Fyrirlestrar fara fram að jafnaði einu sinni í mánuði. Markmið fundarraðanna er að gera friðarsetrið að þeim faglega aðila á Íslandi sem er fremstur í flokki þegar kemur að því að fjalla um friðarmál á Íslandi. Fundarraðirnar eru til þess fallnar að vekja athygli á friðarsetrinu innanlands en til þess að ná til sem flestra verður víðtækt tengslanet Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands nýtt. 2. Friðarsetrið þróa stutta kynningu á tilgangi og starfsemi setursins, þ.m.t. þau námskeið og fyrirlestra sem á döfinni eru hverju sinni í samstarfi við samstarfsaðila setursins. Stefnt er að því að eiga fundi með stéttarfélagum, frjálsum félagasamtökum, stofnunum og hverjum þeim sem hafa áhuga á að kynna sér starfsemi friðarsetursins. Send yrði út auglýsing þar sem þeir sem hefðu áhuga á að fá kynningu á starfsemi setursins eru beðnir um að setja sig í samband við verkefnisstjóra. 3. Unnið verður að því að þróa árlegar og ad-hoc alþjóðlegar ráðstefnur um málefni friðar. Ráðstefnunar skulu hafa það að markmiði að setja Reykjavíkurborg á kortið, innanlands sem utan, sem frumkvöðul í að fjalla um málefni friðar út frá nýjustu straumum og stefnum í (alþjóða)samfélaginu og nýjustu rannsóknum á þeim sviðum sem Höfði – Friðarsetur Reykjavíkur sérhæfir sig í. Til að byrja með verður unnið að því að þróa árlega ráðstefnu í kringum Alþjóðlega friðardaginn 21. september, í samstarfi við Höfuðborgarstofu (Sjá nánar undir „Einstök verkefni – M1.A2“). Þannig eru möguleg samlegðaráhrif |

| | |
|---|--|
| | nýtt og tækifæri til að hækka prófílinn og ná til sem flestra hámarkaðir. |
| | |
| M Einstök verkefni | |
| M1 Alþjóðlegi friðardagurinn, 21. september ár hvert | |
| M1.A1 Viðburðir í grunnskólum | <p>Friðarsetrið, í samstarfi við Reykjavíkurborg og frjáls félagasamtök, mun taka þátt í að þróa viðburði fyrir grunnskóla borgarinnar í tengslum við Alþjóðlega friðardaginn 21. september og fá til þess með sér aðra samstarfsaðila eftir föngum. Lögð verður áhersla á að byggja á því samstarfi og tengslum sem þegar eru til staðar við þróun þessara viðburða, en einnig verður leitað nýrra samstarfsaðila sem gætu haft áhuga á að styðja við skipulag viðburða.</p> <p>Langtímamarkmið viðburðanna er að vekja athygli á friðarfræðslu, kynna friðfræðslu í skólum fyrir foreldrum og vekja athygli á umræðum um frið og friðaruppbyggingu.</p> |
| M1.A2 Alþjóðleg ráðstefna | <p>Þróaður verður alþjóðlegur stórviðburður í formi ráðstefnu sem hefur það markmið að færa umræðu um friðarmál í heiminum áfram. Það verður með því að taka til greina breytingar í valdastrúktur heimsins vegna tækniframfara og leita svara við því hvernig nýta megi framþróunina á markvissan hátt til að vinna að friði. Ráðstefnan væri gagnrýninn vettvangur þar sem rætt er opinskátt um eðli og afleiðingar átaka í heiminum og hvernig einstaklingar og samfélög einstaklinga – hvort sem er í netheimum eða með annarri tækni – geta nýtt tækniframþróun til að vinna markvisst að friði. Afurðir viðburðarins væru í formi aukinnar vitundar um nýjar og markvissar leiðir sem hægt er að fara til að stuðla að friði. Fluttir yrðu inn alþjóðlegir leiðtogar og sérfræðingar í alþjóða- og friðarmálum og tækni auk þess sem innlendir sérfræðingar væru með erindi og tækju þátt í samræðunni. Viðburðurinn væri til þess fallinn að varpa kastljósinu á Reykjavík sem friðarborg enda væri efni hennar hverju sinni að varpa ljósi á, takast á við og fjalla gagnrýnið um það nýjasta nýja, bæði í tækni, rannsóknum en líka í starfi leiðtoga, borga og aktívista, í þágu friðar. Tækifærið yrði jafnframt nýtt til tengslamyndunar milli fulltrúa borgarinnar og ráðstefnugesta og til að vekja athygli á því starfi sem Reykjavík styður við og vinnur hér heima og að heiman í þágu friðar.</p> <p>Þema og viðfangsefni ráðstefnunnar þróast og breytist ár frá ári og eru frummælendur valdir í samræmi við það. Auk þess yrði lögð áhersla á að tryggja akademískt vægi viðburðarins með því að ganga úr skugga um að akademískir sérfræðingar séu meðal þátttakenda í viðburðinum. Þannig er hægt að tryggja að tækifærið sé nýtt til tengslamyndunar milli friðarsetursins og íslenskra sérfræðinga við erlendra sérfræðinga sem</p> |

| | |
|---|--|
| | <p>vinna á sama sviði.</p> <p>Lagt er til að fyrsti alþjóðlegi viðburðurinn muni jafnframt marka 30 ára afmæli Leiðtogafundarins í Höfða 1986 og verði því haldinn 11. eða 12. október 2016 að viðstöddum erlendum gestum og með þátttöku virtra fyrirlesara. Þó að Leiðtogafundarins verði minnst er lagt upp með að líta til framtíðar og fjalla sérstaklega um hvað einstaklingar, hópar fólks, borgir og smáríki geta gert til að stuðla að auknum friði í heiminum. Fundurinn verður einnig stofnfundur friðarsetursins.</p> <p>Lagt er til að í framhaldinu verði alþjóðlega ráðstefnan haldin í tengslum við friðardaginn 21. september ár hvert. Þema ráðstefnunnar 2017 verði þróað út frá hugmyndum um hið nýja vald og hvernig hægt sé að nýta tilfærslu á valdi til borgaranna til að vinna að friði: „New power for peace“. Til þess að skipuleggja viðburðinn verði kallaðir til samstarfs aðilar sem hafa reynslu og tengslanet til að láta svona viðburð verða að veruleika.</p> |
| M2 Spirit of Humanity Forum | <p>Friðarsetrið tekur að sér utanumhald fyrir „Spirit of Humanity Forum“, sem Reykjavíkurborg hefur tekið þátt í að byggja upp, eftir því sem Executive Circle og Reykjavíkurborg kalla eftir. Friðarsetrið mun halda utan um skipulag viðburða í samstarfi við forsvarsmenn samtakanna. Felur þetta í sér:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þróun verkefnisins: „Understanding peace and peacefulness: An Interdisciplinary dialogue and inquiry“ • Standa að viðburði á Íslandi í tengslum við Dialogue verkefnið í september 2016 • Standa að skipulagi Spirit of Humanity Forum ráðstefnu í Reykjavík í september 2016. <p>Gert er ráð fyrir að vinna og viðburðahald við Spirit of Humanity Forum verði verði innt af hendi annað hvert ár, kjósi Reykjavíkurborg að halda áfram aðild sinni að því.</p> |
| M3 Akademískt málþing tengt tendrun friðarsúlunnar | <p>Friðarsetrið mun standa að því að halda akademískt málþing þar sem virtir fræðimenn, borgarstjóri Reykjavíkurborgar og leiðtogar munu fjalla um baráttuna fyrir friði og hvað einstaklingar, hópar fólks, borgir og smáríki geti gert til að stuðla að auknum friði í heiminum.</p> |
| M4 Peace Boat og Mayors for Peace | <p>Friðarsetrið mun vera Reykjavíkurborg innan handar við að inna af hendi einföld verkefni sem komið geta til vegna þessara verkefna sem fela í sér þátttöku í ræðuskrifum, að sitja og vera með innlegg á skipulagsfundum og vera með viðveru á viðburðum. Samið verður sérstaklega um vinnu umfram þetta, ef verkefnin kalla á aukið vinnuframlag.</p> |
| M5 ICORN | <p>Friðarsetrið mun vera Reykjavíkurborg innan handar við að inna af hendi verkefni sem komið geta til vegna ICORN skjólborgaverkefnisins. Liður í samstarfinu er að Friðarsetrið mun eiga fulltrúa í starfshóp vegna ICORN. Samið verður um önnur verkefni sérstaklega þegar þau koma upp.</p> |

M6 Úttekt á því hvernig borgin hefur hingað til unnið að friði

Friðarsetrið mun vinna úttekt á þeirri vinnu sem Reykjavíkurborg hefur unnið í gegnum tíðina og stuðlað hefur að friði í íslensku samfélagi og utan landssteinanna.

a) Markmið úttektar:

- i. Kortleggja hvaða aðgerðir borgin hefur ráðist í í gegnum tíðina til að vinna að friði innanlands og utan
- ii. Meta hvernig tekist hefur að ná markmiðum einstakra aðgerða. Verkefniságrip og stöðuskýrslur eru höfð að leiðarljósi við matið.
- iii. Staða markmiða er metin út frá stöðu þeirra aðgerða sem heyra undir hvert markmið.
- iv. Kortleggja stöðu Íslands í samanburði við önnur lönd og skoða stöðu Íslands á milli ára.
- v. Leggja fram tillögur og ábendingar sem nýtast munu sem grunnur að þróun friðarstefnu Reykjavíkurborgar.

b) Afurðir verkefnis:

- i. Kortlagning á aðgerðum borgarinnar hingað til sem og samanburður við næstu nágrannalönd.
- ii. Mat á stöðu einstakra aðgerða sem og stöðu þeirra markmiða er heyra undir hverja aðgerð.

Tillögur og ábendingar um aðgerðir sem vert væri að skoða við þróun aðgerðaráætlunar.

Friðarsetrið, í nánú samráði við mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, fyrir Reykjavíkurborg mun vinna að átaki gegn hatursorðræðu og -glæpum. Leitað verður svara við því hvernig best sé að bregðast við hatursorðræðu sem blossar upp í samfélaginu og hvernig bregðast eigi við hatursglæpum sem framdir eru? Í skýrslu Mannréttindaskrifstofu Íslands, „Hatursorðræða, Yfirlit yfir gildandi lög og reglur – ábendingar til framtíðar“ (kafli 5.3 Samantekt á helstu breytingartillögum) frá árinu 2013 koma eftirfarandi breytingatillögur fram:

„7. Stjórnvöld ættu að móta sér heildstæða stefnu í sambandi við jafnrétti og mismunun ásamt því að setja sér aðgerðaráætlanir til að draga úr fordómum og mismunun í samfélaginu.

8. Söfnun upplýsinga, skrásetning og skýrslugerð eru nauðsynleg gögn til að varpa ljósi á stöðu minnihlutahópa, umfang mismununar og til að vinna markvisst gegn fordómum sem leitt geta til hatursorðræðu.

9. Fræðsla og kynning; auka þarf verulega fræðslu og kynningu alls staðar í samfélaginu og einnig meðal sérfræðinga, lögreglu, stjórnvalda og dómara.

10. Auka þarf stefnumótun og þjálfun, hjá lögreglu, dómurum og öðrum opinberum embættismönnum

Lagt er til að ráðist verði í úttekt og gerð aðgerðaráætlunar sem fæli m.a. í sér vitundarvakningarátak á því hvað hatursorðræða og hatursglæpir séu.“

Hér er lögð fram tillaga um verkefni sem felur í sér eftirfarandi afurðir:

I. Úttekt

- i. Kortlagning á aðgerðum borgarinnar hingað til sem og samanburður við næstu nágrannalönd.
- ii. Mat á stöðu einstakra aðgerða sem og stöðu þeirra markmiða er heyra undir hverja aðgerð.
- iii. Tillögur og ábendingar um aðgerðir sem vert væri að skoða við þróun aðgerðaráætlunar

II. Aðgerðaráætlun

- i. Heildstæð aðgerðaráætlun fyrir borgina sem felur m.a. í sér átak gegn hatursorðræðu og -glæpum sem tekur mið af því sem fram kemur í úttektinni.

III. Framkvæmd aðgerðaráætlunar

- i. Viðbragðsáætlun við hatursorðræðumálum
- ii. Viðbragðsáætlun við hatursglæpamálum
- iii. Vitundarvakningarátak um hatursorðræðu og -glæpi

| | |
|---|--|
| | <p>IV. Rannsóknir</p> <p>i. Sem auka mótframlag frá Háskóla Íslands inn í átak gegn hatursorðræðu og –glæpum mun Háskóli Íslands styðja við gerð umsókna til Nýsköpunarsjóðs námsmanna sem snúa sérstaklega að rannsóknum á hatursorðræðu og –glæpum.</p> <p>Óbeinar afurðir verkefnis</p> <p>i. Styrkir borgina í sessi sem friðarborg - bæði hérlendis sem erlendis.</p> <p>ii. Styður og styrkir stefnumörkun borgarinnar í mannréttindamálum, velferðarmálum, alþjóðasamskiptum og friðarmálum.</p> <p>iii. Skapar tæki og tól fyrir borgina til að mæta áskorunum sem borgin gæti staðið frammi fyrir þegar framdir eru hatursglæpir.</p> <p>iv. Styrkir borgina gagnvart ríkisvaldinu, þ.e. borgin fær í hendurnar gögn sem geta stutt hana í að beita sér fyrir öryggismálum borgarbúa.</p> <p>v. Hefur bein áhrif á líf borgarbúa og er til þess fallið að auka lífsgæði þeirra auk þess sem það er auðvelt að miðla mikilvægi átaksins til íbúa borgarinnar.</p> <p>iii. Styrkir og styður við við samstarf borgarinnar á vettvangi Intercultural Cities og Mayors for Peace.</p> |
| | |
| R Rannsóknir | |
| <p>R1 The role of small states, small societies, small entities and cities in peacebuilding, peace in the Nort-Atlantic and West-Nordic region</p> | <p>Hlutverk friðarsetursins gagnvart Reykjavíkurborg þegar kemur að rannsóknarhluta starfsemi setursins er að tryggja að þær rannsóknir sem framkvæmdar verða innan setursins séu „þýddar“ þannig að þær nýtist inn í stefnumótun borgarinnar í friðarmálum.</p> <p>Afurðir: „Policy briefs“</p> |
| <p>R2 Hatursorðræða og -glæpir á Íslandi</p> | <p>Hlutverk friðarsetursins gagnvart Reykjavíkurborg þegar kemur að rannsóknarhluta starfsemi setursins er að tryggja að þær rannsóknir sem framkvæmdar verða innan setursins séu „þýddar“ þannig að þær nýtist inn í stefnumótun borgarinnar í friðarmálum.</p> |
| <p>R2.A1 Stuðningur við gerð umsókna til Nýsköpunarsjóðs námsmanna sem snúa</p> | <p>Afurðir:</p> |

| | |
|---|---|
| sérstaklega að rannsóknum á hatursorðræðu og –glæpum. | „Policy briefs“ |
| R3 Minority rights in peacebuilding: sexual and language minorities. | |
| R4 Freedom of expression and peace | |
| R5 Gender and peace | |
| E Kynningarmál | |
| E1 Þróun miðla sem halda utanum og koma á framfæri því sem Reykjavíkurborg er að gera sem friðarborg í víðum skilningi | <p>Friðarsetrið mun hanna og miðla upplýsingum um hvað Reykjavíkurborg hefur gert og er að gera sem friðarborg í víðum skilningi.</p> <p>Friðarsetrið mun sjá um samskipti við einstaklinga, opinberar stofnanir, frjáls félagasamtök, háskólasamfélagið o.s.frv. á Íslandi sem vinna að friði og skipuleggja viðburði með þeim sem styðja við stefnu borgarinnar í friðarmálum.</p> <p>Þá mun Friðarsetrið þróa samstarfsverkefni á sviði friðarmála við innlenda og erlenda aðila sem styðja við stefnu borgarinnar og ímyndaruppbyggingu hennar.</p> <p>Niðurstöðum rannsókna sem unnar eru við HÍ og tengjast friðarmálum verður jafnframt miðlað (á mannamáli) með skilvirkum hætti til borgarinnar og almennings í landinu.</p> |
| Reglubundnir fundir | |
| Stjórn Höfða – Friðarseturs Reykjavíkur | <p>Skipuð skal formleg stjórn fyrir Höfða – Friðarsetur í Reykjavík og mun Friðarsetrið taka þátt í skipulagi stjórnarfundu og vera með skipulagt innlegg um starfsemi og stöðu fjármála setursins á stjórnarfundum.</p> <p>Fundir verða haldnir að jafnaði mánaðarlega eða eftir því sem tilefni er til.</p> |
| Ráðgjafaráð Höfða – Friðarseturs Reykjavíkur | <p>Ráðgjafaráð skal skipað fulltrúa frá HÍ, mannréttindaskrifstofu og/eða mannréttindaráði Reykjavíkurborgar, alþjóðafulltrúa Reykjavíkurborgar og fulltrúum úr frjálsum félagasamtökum á Íslandi sem hafa það að markmiði að vinna að friði. Tilgangur ráðgjafaráðsins er að veita aðhald og vera setrinu innan handar með sérfræðipækkingu á þeim sviðum sem fulltrúar í ráðinu hafa reynslu í/á auk þess að koma með hugmyndir að samstarfsverkefnum.</p> <p>Ráðið hittist að jafnaði tvisvar á ári.</p> |

Alþjóðlegt sérfræðingaráð

Hlutverk alþjóðlega sérfræðingaráðsins yrði að vera friðarsetrinu innan handar varðandi fjáröflun, þróun rannsóknarvinkla fyrir friðarsetrið auk þess sem fulltrúar í ráðinu skulu vera tilbúnir að kynna setrið og starfsemi þess í sínu tengslaneti með það að markmiði að auka veg þess og virðingu og auka líkur á möguleikum til fjármögnunar fyrir skilgreinda hluta starfseminnar og/eða einstök verkefni. Fundir skulu haldnir einu sinni á ári.

Þrír valkostir vegna stofnunar og reksturs

Unnið hefur verið markvisst að stofnun Höfða – Reykjavík Peace Centre síðan á vormánuðum 2015. Lögð var fram tillaga að stofnun og rekstri setursins í ágúst sama ár sem mæltist vel fyrir enda ljóst að borgin, líkt og Háskóli Íslands, sjá mikla möguleika og tækifæri fólgin í því að setrið verði að veruleika. Að beiðni borgarstjóra var ákveðið að í ljósi sérstakra aðstæðna í stöðu fjármála borgarinnar myndu fulltrúar Háskóla Íslands leggja fram þrjár tillögur að rekstrarformi setursins fyrir árið 2016. Tillögurnar miða allar að því að rekstur setursins verði einnig tryggður, með auknum fjárframlögum frá Reykjavíkurborg, fyrir árin 2017 og 2018.

Mikilvægt er að draga fram að fastur rekstrarkostnaður, eins og hann er útlistaður í meðfylgjandi fjárhagsáætlun, inniber **einnig** eftirfarandi verkefni:

Þátttaka í stefnumótun borgarinnar í friðarmálum

- Þátttaka í þróun verkáætlana um framkvæmd friðarstefnu
- Innlent og alþjóðlegt samstarf - ICORN, Peaceboat ofl.
- Spirit of Humanity Forum - skipulag og utanumhald
- Skipulag viðburða í tengslum við friðardaginn
- Ferðakostnaður (ráðstefnur, fundir erlendis)
- Markaðs- og kynningarmál (s.s. viðhald og þróun vefs og samfélagsmiðla)
- Utanumhald með reglubundnum fundum tengdum rekstri og þróun setursins

Ofangreind verkefni eru innifalin í rekstrarkostnaði og koma þannig til viðbótar við þau „sérverkefni“ sem tilgreind eru sérstaklega í valkostunum þremur hér að neðan.

Þá er einnig vert að draga fram það framlag sem Háskóli Íslands er tilbúinn að leggja til verkefnisins til viðbótar við fastan rekstrarkostnað:

- Þátttaka Friðarsetursins í Háskóla unga fólksins
- Þróun náms í friðarfræðum við Háskóla Íslands
- Friðarfræðikennsla í alþjóðlegum sumarskóla smáríkjasetursins
- Skipulagðir opnir fyrirlestrar á vegum Alþjóðamálastofnunar

Valkostur 1

Sjá kostnaðaráætlun og nánari lýsingu í fylgiskjölum

- Alþjóðlegur viðburður í tengslum við 30 ára afmæli Höfðafundarins sem jafnframt markar stofnun Höfða – Reykjavík Peace Centre
- Átak gegn hatursorðræðu og -glæpum
 - Úttekt
 - Aðgerðaráætlun
 - Framkvæmd aðgerðaráætlunar
- Akadémískt málþing tengt tendrun friðarsúlunnar
- Úttekt á því hvernig borgin hefur hingað til unnið að friði
- Þróun fræðsluefnis fyrir 1.-10. bekkni grunnskóla í tengslum við árlegan Alþjóðlegan friðardag 21. september
- Þátttaka Friðarsetursins í Háskóla unga fólksins í Háskóla Íslands

- Skipulag viðburða fyrir við þemavikur í skólum í tengslum við alþjóðlega friðardaginn 21. september
Símenntun fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar sem felur í sér annars vegar þróun sérsniðinna námskeiða í friðarfræðum og hins vegar námskeið til að gera borgarstarfsfólk hæfara í að takast á við aðstæður og átök sem upp geta komið í samskiptum við fólk sem gengið hefur í gegnum erfiða lífsreynslu og/eða kemur frá ólíkum menningarheimi.

Valkostur 2

Sjá kostnaðaráætlun og nánari lýsingu í fylgiskjöllum

A)

- Alþjóðlegur viðburður í tengslum við 30 ára afmæli Höfðafundarins sem jafnframt markar stofnun Höfða – Reykjavík Peace Centre.
- Átak gegn hatursorðræðu og -glæpum
 - Úttekt
 - Aðgerðaráætlun
 - Framkvæmd aðgerðaráætlunar

eða

B)

- Alþjóðlegur viðburður í tengslum við 30 ára afmæli Höfðafundarins sem jafnframt markar stofnun Höfða – Reykjavík Peace Centre.
- Símenntun fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar sem felur í sér annars vegar þróun sérsniðinna námskeiða í friðarfræðum og hins vegar námskeið til að gera borgarstarfsfólk hæfara í að takast á við aðstæður og átök sem upp geta komið í samskiptum við fólk sem gengið hefur í gegnum erfiða lífsreynslu og/eða kemur frá ólíkum menningarheimi.

Valkostur 3

Sjá kostnaðaráætlun og nánari lýsingu í fylgiskjöllum

- Alþjóðlegur viðburður í tengslum við 30 ára afmæli Höfðafundarins sem jafnframt markar stofnun Höfða – Reykjavík Peace Centre.

Borgarráð

Friðarsetur og 30 ára afmæli Höfðafundarins

Borgarráð samþykkir þátttöku Reykjavíkurborgar í stofnun Friðarseturs (Höfði - Reykjavík Peace Center) í samstarfi við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands. Friðarsetur verði formlega stofnað samhliða því að haldinn verði alþjóðlegur viðburður í tengslum við 30 ára afmæli Höfðafundarins, sbr. valkostur 2 í hjálögðum tillögum og fjárhagsáætlun frá Alþjóðamálastofnun HÍ. Reykjavíkurborg verji 10 mkr. til verkefnisins sem greiðist af kostnaðarstað 09205, ófyrirséð.

Greinargerð:

Stofnun friðarstofnunar eða friðarseturs í Reykjavík á sér langan aðdraganda en hugmyndin kom fyrst fram í yfirlýsingu Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, þáverandi borgarstjóra, í október 2006 þar sem hann lagði til að sett yrði á fót Friðarstofnun Reykjavíkur. Vilhjálmur lagði síðar fram formlega tillögu í borgarstjórn þess efnis þann 1. júní 2010. Ári síðar kom Jón Gnarr, þáverandi borgarstjóri, fram með þá hugmynd að unnið yrði að stofnun Friðarseturs í Viðey. Í kjölfarið fór af stað vinna innan veggja Háskóla Íslands við að undirbúa tillögu að stofnun friðarseturs sem hýst yrði innan Háskóla Íslands.

Þann 7. janúar 2015 skrifuðu Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, og Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, undir samstarfssamning um undirbúning að stofnun Friðarseturs í Reykjavík og unnið hefur markvisst verið að stofnun Höfða - Reykjavík Peace Center síðan á vormánuðum 2015. Með þátttöku í stofnun Friðarseturs lýsir Reykjavíkurborg yfir vilja til að taka þátt í að tryggja rekstur setursins árin 2017 og 2018.

Markmið Friðarseturs er að styrkja Reykjavík sem borg friðar og vera til ráðgjafar um hvernig Reykjavík geti unnið að friði hér heima og að heiman. Með starfi friðarseturs verði stuðlað að uppbyggilegum samskiptum, minnkandi ofbeldi og friðsamlegum samskiptum ríkja og alþjóðastofnana. Þá verði unnið að því að auka almennt þekkingu á því hvernig megi stuðla að friði með fræðslu og stuðningi við rannsóknir. Friðarsetur verði þannig vettvangur fyrir þverfaglegt og alþjóðlegt samstarf, skipulag viðburða, ráðgjöf og fræðslu á sviði friðarmála, með áherslu á hlutverk borga og smáríkja við að stuðla að friði, friðarmenningu,

afvopnun og friðarfræðslu.

Nánari lýsingu á verkefnum Friðarseturs má sjá í hjálögðum fylgiskjölum.

S. Björn Blöndal
Formaður borgarráðs

Hjálagt:

Tillögur og fjárhagsáætlun Alþjóðamálastofnunar HÍ vegna stofnunar og reksturs Friðarseturs.

Forathugun á rekstrargrundvelli Friðarseturs dags. nóvember 2015 og nánari lýsing á verkefnum Friðarseturs.